



FRÉTTABLAÐIÐ



Í fyrsta sinn í sögunni var verðið á litranum af bensíni á bensindælunni komið yfir 300 krónur. Það stöðvar ekki ökumenn í því að fylla á tankinn þótt þeir hiki óneitanlega. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Krefjast inngríps stjórnvalda vegna hækkana

Félög úr ýmsum áttum kalla eftir inngrípi íslenskra stjórnvalda vegna bensínverðs. ASÍ segir ástandið bitna verst á tekjulágum.

bth@frettabladid.is

NEYTENDUR ASÍ, Félag íslenskra bifreiðaeigenda, Neytendasamtökin og fleiri félög krefjast þess að ríkisstjórnin lækki skatta á bensín tímabundið eða beiti sér með öðrum hætti til að létta byrðar almennings.


Verð á bensíni hefur aldrei verið hærra í sögu landsins. Árið 2005 kostaði bensín 115 krónur, árið 2017 rúmar 160 krónur hjá Costco en í gær fór bensínverð vel yfir 300 krónur á litra. Eldsneytisverð hefur

hartnær tvöfaldast á fimm árum. Meginskýring verðhækkana undanfarir er innrás Rússa í Úkraínu.

Hinir efnaminni hafa enga burði til að kaupa sér raf- eða metanbíla sem nota ódýrari og umhverfisvænni orkugjafa, að sögn formanns Neytendasamtakanna, Breka Karlsonar. „Þetta bitnar á þeim sem síst skyldi, þeim sem eru með lægstu tekjur,“ segir Breki. „Við viljum að stjórnvöld lækki álögur á bensínverð og við viljum líka að fyrirtækin seinki áhrifum hækkunar eldsneytisverðs til neytenda.“

Drífa Snædal, forseti ASÍ, kallar eftir inngrípi stjórnvalda. „Margt láglaunafólk þarf að sækja vinnu um langan veg vegna herra húsnaðisverðs á athafnasvæðum. Því er

Þróun meðalverðs á bensíni frá árinu 2016 í krónum



þetta kjararárnrún sem kemur helst niður á þeim sem þyrfti að hlúa að.“

Helga Vala Helgadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, segist skilja að álögur á eldsneyti séu háar vegna loftslagsvandans. En nú sé sérstakir tímar og ríkisstjórnin þurfi að bregðast við. „Eitt meginhlutverk stjórnvalda er að koma til móts við þá sem minnst hafa,“ segir Helga Vala.

FÍB birti í gær ákall til stjórnvalda þar sem hvatt er til þess að stjórnvöld lækki álögur á eldsneyti tímabundið til að lágmarka skaðleg áhrif á þjóðlífið.

Ekki bærust svör frá ráðherrum ríkisstjórnarinnar við fyrirspurn Fréttablaðsins um hvort ákallinu verður svarað. ■

Mmm... Safaríkur ananas er bestur núna!

Krónan mælir með!

KRÓNAN

Verkin í öruggum höndum í Moskvu

tsh@frettabladid.is

MENNING Ragnar Kjartansson vakti mikla athygli þegar hann ákvað að loka sýningunni Santa Barbara í Moskvu í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu. Hann segir listaverkin í öruggum höndum, en vill ekki gefa mikið upp, enda er staðan viðkvæm.



Ragnar Kjartansson, myndlistarmaður

„Við treystum starfsfólki þessa safns. Þetta er allt í farvegi og við viljum vekja sem minnsta athygli á þessu. Við erum bara eins og strákarnir í Æði myndu segja „lowkey“ að vinna í þessu,“ segir Ragnar.

Hann telur að allt muni fara vel enda séu landamæri Rússlands enn opin og ekki komin herlög í landinu. Spurður hvort skilningur hafi verið hjá listasafninu á ákvörðuninni um að loka sýningunni segir hann:

„Já, það eru náttúrulega bara allir felmtri slegnir. Í þessari sýningu, Santa Barbara, þá var einn þriðji af leikurunum og starfsliðinu frá Úkraínu. Eitthvað sem er núna óhugsandi.“ **NÁNAR Á Síðu 32**

Horft á sjóðheitt stefnumót í Sky Lagoon



Dyggir aðdáendur sjónvarpsþáttanna The Bachelor komu saman í Sky Lagoon í gærkvöldi til að horfa á niunda þátt nýjustu seríunnar en sá þáttur var meðal annars tekinn upp hér á landi, þar á meðal í sjálfu Sky Lagoon. Núverandi piparsveinn, sá tuttugasti og sjötti, heitir Clayton Echard. Í byrjun þáttarins voru þrjár piparmeyjar eftir sem berjast um hylli Echard.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Carbfix-sóðastöðin er risaverkefni

elinhirst@frettabladid.is

LOFTSLAGSMÁL Stærsta verkefnið sem íslenska hugvitsfyrirtækið Carbfix vinnur að núna og kallast Coda Terminal verður risaverkefni á íslenskan mælikvarða. Verkefnið gengur undir nafninu Sóðastöðin á íslensku. Sóðastöðin verður byggð upp í Straumsvík þar sem verður tekið á móti CO₂ frá öðrum löndum og því dælt ofan í berg til varanlegrar förgunar. Carbfix stefnir að því dæla niður 3 milljónum tonna af CO₂ á ári þegar fullum afköstum er náð.

„Án föngunar og förgunar CO₂ mun heimurinn ekki ná markmiðum sínum í loftslagsmálum,“ segir Edda Sif Pind Aradóttir, framkvæmdastjóri Carbfix, en hún var gestur Markaðarins á Hringbraut í gærkvöldi.

Carbfix hefur vakið heimsathygli



Edda Sif Pind Aradóttir framkvæmdastjóri Carbfix

fyrir aðferðir sínar til að breyta varanlega í grjót algengustu gróðurhúsalofttegundinni CO₂ sem heimurinn er að slást við að minnka til að koma í veg fyrir hamfarahlýnun á jörðinni.

Tæknin byggir á íslensku hugviti sem fangar koltvíoxíð, CO₂, í stað þess að sleppa því út í andrúmsloftið og því er síðan dælt ofan í berglög. Síðan á sér stað neðanjarðar náttúrulegt ferli sem jörðin sjálf hefur beitt til þess að halda reglu á magni CO₂ í andrúmsloftinu. ■

Fleiri flugfélög hingað til lands í ár en fyrir faraldur

Fimmtán flugfélög fljúga til Íslands í ár, einu fleiri en árið fyrir Covid-faraldurinn. Framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar er bjartsýnn á að spár upp á 1,2 milljónir ferðamanna geti gengið eftir.

ser@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA Fjöldi heilsársflugfélaga sem leggja leið sína reglulega til Íslands í ár er meiri en fyrir tíma farsóttarinnar. Fjöldi þeirra verður 15 í ár, einu fleiri en 2019.

Þetta er til marks um viðspyrnuna í ferðaþjónustu hér á landi eftir kreppuna síðustu tvö ár sem gengið hefur nærri fjölda ferðaþjónustufyrirtækja hér á landi.

„Auðvitað eru þetta gleðifrættir fyrir okkur hjá Isavia sem og landsmönnum öllum,“ segir Guðmundur Daði Rúnarsson, framkvæmdastjóri viðskipta og þróunar hjá Isavia, en tíðindin koma honum þó ekki á óvart.

„Það er aðallega vegna þess að við höfum lagt ríka áherslu á það í gegnum heimsfaraldurinn að vera í góðu sambandi við flugfélögin sem flugu hingað þegar best lét,“ segir Guðmundur Daði og bætir við að forvígismenn Isavia hafi þar af leiðandi ekki verið að elta nýja flugrekstraraðila „heldur miklu fremur endurbyggt á fyrri samböndum og árangri.“

Á meðal flugfélaga sem ætla sér að fljúga hingað allt árið eru British Airways, EasyJet, Lufthansa, Norwegian og SAS, en þá vekur það líka athygli að jafn mörg flugfélög, alls 25, munu fljúga til Íslands í sumar og árið 2019.

„Það má segja að við séum að endurheimta fyrri styrk.“

Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferða-



Alls komu um 700 þúsund erlendir ferðamenn til Íslands í fyrra, mun fleiri en árið áður. Árið 2019 komu meira en 2 milljónir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Fólk er jafnvel að bóka með viku fyrirvara, það á eftir að koma í ljós hversu miklu það bætir við í sumar.

Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF

þjónustunnar, fagnar fjölguninni. „Við sjáum að það er áhugi á eftirspurnarhlíðinni, það er uppsafnaður ferðavilji. Það á svo eftir að koma í ljós hvernig flugfélögunum tekst að selja í öll þessi sæti. Við vitum það að hingað til, og eitthvað inn í vorið, hafa flugfélögin verið að keyra á takmarkaðri sætanýtingu en við vonum að það batni eftir því sem líður á sumarið,“ segir hann.

Jóhannes er bjartsýnn á að spár upp á 1,2 milljónir ferðamanna í sumar geti gengið upp.

„Staðan í dag er jákvæð gagnvart sumrinu en hún er ekkert fljúgandi frábær í eftirspurninni. Mikið af bókunum núna hjá ferðaskrifstofunum eru svokallaðar seríubókanir sem á eftir að koma í ljós hvar eða þeim sem ferðast á eigin vegum. Fólk er jafnvel að bóka með viku fyrirvara, það á eftir að koma í ljós hversu miklu það bætir við í sumar.“ ■



WWW.BILALAND.IS

NOTAÐIR BÍLAR Á GÓÐU VERÐI

Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.
Bílar okkar eru **yfirfarnir** og **ástandsskoðaðir**.



Rnr. 148512

LAND ROVER Discovery 5 SE
Nýskr. 08/18, ekinn 81 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:
9.390.000 kr.



Rnr. 148754

SUBARU Forester Premium
Nýskr. 03/20, ekinn 59 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ:
5.590.000 kr.



Rnr. 432238

RENAULT Captur E-Tech Plug-In Hybrid
Nýskr. 10/20, ekinn 6 þ.km,
bensín/rafmagn, sjálfskiptur.

VERÐ:
4.590.000 kr.



Rnr. 149040

NISSAN Qashqai Acenta 2wd
Nýskr. 01/19, ekinn 40 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ:
3.990.000 kr.



Rnr. 148827

MG ZS EV Luxury
Nýskr. 10/21, ekinn 2 þ.km,
rafmagn, sjálfskiptur.

VERÐ:
4.690.000 kr.



Rnr. 260879

LAND ROVER Discovery Sport Pure
Nýskr. 05/19, ekinn 85 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:
5.990.000 kr.



Rnr. 148663

NISSAN Juke Tekna 2wd
Nýskr. 03/20, ekinn 15 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ:
4.390.000 kr.



Rnr. 148967

DACIA Duster Comfort 4wd
Nýskr. 11/20, ekinn 20 þ.km,
bensín, beinskíptur.

VERÐ:
3.690.000 kr.

VIÐ ERUM FLUTT Á K7

Velkomin í nýtt og glæsilegt húsnæði rétt handan við hornið.



OPNUNARTÍMI:
Mánudaga 10-18, þriðjud.-fimmtud. 9-18,
föstudaga 9-17, laugardaga 12-16

Bilaland og Hyundai notaðir
Krókhálsi 7, 110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

bilaland
www.facebook.com/bilaland.is

Hæstiréttur metur hvort Söknuðarmálið verður tekið fyrir

gar@frettabladid.is

DÓMSMÁL Lögmaður Jóhanns Helgasonar hefur nú lagt fram formlega beiðni til Hæstaréttar Bandaríkjanna um að taka fyrir laga-stuldarmál Jóhanns sem dómstólar á fyrri stigum hafa vísað frá.

Máli Jóhanns var vísað frá af dómstóli í Los Angeles á þeim grundvelli að álitgerð tónlistarfræðings sem starfaði fyrir Jóhann uppfyllti ekki kröfur um tæknilegan samannburð á nótum í lagi hans Söknuði og í lagiinu You Raise Me Up annars

vegar og í eldri tónsmíðar sem ekki nytu höfundarréttar. Þetta var síðan staðfest af áfrýjunardómstóli.

Bendir lögmaður Jóhanns meðal annars á í greinargerð sinni að aðeins þrjár af tólf áfrýjunardómstólum Bandaríkjanna geri kröfur um sams konar samannburð og varð til þess að máli Jóhanns var vísað frá. Segir hann fjóra aðra áfrýjunardómstóla byggja á því að láta venjulega hlustendur meta líkindi laganna. Í öðrum áfrýjunardómstólum sé meira á reiki hvaða mælikvarðar séu notaðir.



Mál Jóhanns Helgasonar er enn fyrir dómstólum vestan hafs.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

Aðeins örlítið brot af málum sem send eru Hæstarétti Bandaríkjanna eru tekin þar til efnismeðferðar. Lögmaður Jóhanns segir í greinargerð sinni að fyrrnefnda aðferðin, sem varð til þess að Söknuðarmálinu var vísað frá, sé haldin rökfræðilegum ágöllum. Uppi sé mikilvægt álitamál þar sem áfrýjunardómstólum landsins beri ekki saman. Úr því þurfi hæstiréttur að skera og að mál Jóhanns sé upplagt prófmál í því skyni.

Tónlistarfyrirtækin sem Jóhann stefndi hafa út mars til andsvara. ■

Fleiri nemendur í Vestmannaeyjum geta lesið texta

birnadrofn@frettabladid.is

MENNTAMÁL Fyrstu niðurstöður þróunarverkefnisins Kveikjum neistann sýna að 77 prósent barna í fyrsta bekk grunnskólans í Vestmannaeyjum geti lesið texta. Rannsóknir hafa áður sýnt að 39 prósent barna í Reykjavík séu ekki læs eftir annan bekk í grunnskóla.

Samkvæmt prófum hefur frá síðustu aldamótum um þriðjungur 15 ára nemenda verið undir lágmarks- viðmiði í lestri.



Hermundur Sigmundsson, prófessor

Hermundur Sigmundsson prófessor er einn þeirra sem fara fyrir verkefninu en um er að ræða langtíma verkefni þar sem nemendum er fylgt eftir á grunnskólagöngu sinni. Verkefnið snýr meðal annars að þróun kennsluhátta og hugarfari nemenda.

Hermundur segir fyrstu niðurstöðurnar sýna að allt sé hægt með réttum aðferðum. „Þessar tölur veita mér von,“ segir Hermundur sem löngum hefur sagt að ekki sé farið rétt að í kennslu og viðmiðum í lestri hér á landi. Lykill að árangri sé stöðumat, markviss þjálfun og eftirfylgni.

„Þessar tölur er frá því í janúar 2022 sem þýðir að börnin eru rétt að hefja sína skólagöngu sem gerir þetta enn ánægjulegra.“ ■

Fólk með skerta starfsgetu hefur átt erfitt með að fá vinnu eftir faraldur

Atvinnuleysistölur eru orðnar svipaðar og fyrir faraldurinn en einn hópur hefur setið eftir, öryrkjar og fólk með skerta starfsgetu. Vinnuástandið hefur hafið átak í að koma því út á vinnumarkaðinn í samstarfi við atvinnulíf.

kristinnhaukur@frettabladid.is

VINNUMARKAÐUR Fólk með skerta starfsgetu hefur átt í meiri erfiðleikum með að komast aftur út á vinnumarkaðinn eftir faraldurinn en aðrir. Líkt og annað fólk lenti það í uppsögnum þegar ferðaþjónustan dróst saman og samkvæmt Vinnuástandi hefur lítið sem ekkert glæðst í atvinnuástandi þessa hóps síðan þá.

Atvinnuleysi náði hámarki í janúar árið 2021 og var þá 11,6 prósent. Með átaki í ráðningarstyrkjum, undir heitinu Hefjum störf, og betri stöðu í faraldurinum, minnkaði atvinnuleysið niður í 5 prósent í október síðastliðnum og hefur haldist nokkuð stöðugt síðan. En þetta eru sambærilegar tölur og voru fyrir faraldurinn. Fólk með skerta starfsgetu hefur hins vegar orðið út undan.

„Þegar atvinnuleysi eykst þá geta þeir sem eru með skerta starfsgetu einnig misst starfið sitt. Þetta er sami vinnumarkaðurinn og samdrátturinn kemur niður á öllum starfsmönnum,“ segir Laufey Gunnlaugsdóttir, deildarstjóri hjá Vinnuástandi. „Átak stjórnvalda Hefjum störf gerði samkeppnisstöðu þessa hóps líka að einhverju leyti erfiðari en ella þar sem allir



Fjöldi vinnusamninga var 970 fyrir faraldur en er 913 nú.

FRÉTTABLAÐIÐ/
JÓHANNA



Þetta er fjölbreyttur hópur sem hefur ýmiss konar færni og áhuga-svið.

Laufey Gunnlaugsdóttir, deildarstjóri hjá Vinnuástandi

atvinnuleitendur gátu fengið ráðningarstyrk með sér í starfi.“

Til að bregðast við þessu hefur Vinnuástandið hvatt ríkisstofnanir og sveitarfélög til þess að auka atvinnutækifæri fyrir þennan hóp.

Samkvæmt Laufeyju er einnig stefnt að öflugri kynningarstarfi í samstarfi við atvinnulíf til að skapa störf. Þegar hafi Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðgjafi, styrkt ráðningu atvinnutengla sem hafa það hlutverk að greiða fyrir ráðningum fólks með skerta starfsgetu.

Laufey segir Vinnuástandið bjóða upp á sértæka ráðgjöf og vinnuástandið fyrir öryrkja og þá sem búa við skerta starfsgetu. Helstu markmiðin séu að styðja atvinnuleitendur til að komast á almennan vinnumarkað. Í fyrra sótti 391 einstaklingur með skerta

starfsgetu um þjónustu á landinu öllu. „Þetta er fjölbreyttur hópur sem hefur ýmiss konar færni og áhugasvið,“ segir hún.

Vinnuástandið er einnig umsjónaraðili fyrir vinnusamning öryrkja, sem er endurgreiðslusamningur. Það þýðir að Vinnuástandið endurgreiðir atvinnurekanda 75 prósent af kjarasamningsbundnum launum fyrstu tvö árin. Fjöldi þessara samninga var 970 fyrir faraldur en er 913 nú.

Laufey ítrekar þó að aðeins hluti af öryrkjum og þeim sem eru með skerta starfsgetu nýti slíkan vinnusamning. Á Suðurnesjum, þar sem atvinnuleysið er mest, eru 50 með samning en 64 biða eftir atvinnutækifæri. Vinnuástandið hefur ekki nákvæmar tölur um hversu margir öryrkjar eru á vinnumarkaði án samnings. ■

RAM

ÍS BAND UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

RAM

TRYGGÐU ÞÉR RAM Í FORSÖLU

BJÓÐUM UPP Á 37"-40" BREYTINGAPAKKA

BILL Á MYND: RAM 3500 LARAMIE CREW CAB MED 37" BREYTINGU, KASTARAGRIND OG LJÓSKÖSTURUM

5kr fyrir Úkraínu



Í dag **10.mars** gefur Orkan **5kr.** af hverjum seldum lítra til Rauða krossins. Söfnunin gildir á öllum stöðvum Orkunnar.

Rauði krossinn sinnir mannúðaraðstoð og veitir sálrænan stuðning fyrir þolendur átakanna í Úkraínu. Allt fé sem safnast er nýtt til að koma nauðsynjavörum til íbúa og sjúkrastofnana og tryggja vatn, matvæli, heilbrigðisþjónustu, klæði og skjól.

Nýtum orkuna í góðu málin



Álagið samsvarar hundrað inniliggjandi á Landspítalanum

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 Mikið álag er á Sjúkrahúsinu á Akureyri (SAK) vegna Covid-19. Þar hafa undanfarið legið inni á bilinu átta til tólf sjúklingar með sjúkdóminn.

Sigurður E. Sigurðsson, framkvæmdastjóri lækninga og handlækningasviðs SAK, segir það samsvara því að um 100 manns væru inniliggjandi á Landspítalanum.

„Þetta hefur verið býsna mikil bylgja að ganga yfir okkur hérna. Fyrst var þetta nánast jafn fjöldi sjúklinga sem lagðist inn vegna Covid og sjúklinga sem lögðust inn af öðrum ástæðum en greindust svo

með Covid, en núna eru þetta fyrst og fremst innlagnir eldra fólks sem er að smitast,“ segir Sigurður.

Hann segir að samhliða fjölda innlagna hafi verið töluvert brottfall hjá starfsfólki sem sé veikt heima með Covid, líkt og Sigurður sjálfur sem greindist um síðustu helgi. „Þetta hefur valdið verulegu álagi og erfiðleikum við að halda grunn- og bráðþjónustu gangandi.“

Búið er að draga úr valkvæðri þjónustu á sjúkrahúsinu og starfsfólk hafi þurft að sinna störfum á milli deilda. „Í töluverðan tíma höfum við líka verið með sjúklinga á gjörgæslu, í dag eru þeir tveir og annar þeirra er í öndunarfél.“



Fimm öndunarfél eru á sjúkrahúsinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

Sigurður segir að til séu fimm öndunarfél á sjúkrahúsinu en að ekki þurfi mikið meira til þess að sjúkrahúsið verði allt sett á neyðarstig.

„Það þarf mikinn mannafla til að sinna sjúklingi í öndunarfél. Strax þegar við erum komin með fleiri en tvo í öndunarfél, sama hvort það er vegna Covid eða einhvers annars, fer þetta að verða mjög strembið upp á mannskap og annað,“ segir Sigurður.

„Ef það gerist að sjúkrahúsið fari allt á neyðarstig þá þyrftum við utanaðkomandi aðstoð, það hefur jafnvel verið það undanfarna daga,“ segir Sigurður. ■

Fleiri hlyntir ESB og NATO

arnartomas@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Þrjú af hverjum fjórum Íslendingum eru hlyntir veru Íslands í NATO en minna en einn af hverjum tíu andvígur. Þetta kemur fram í nýjum Þjóðarpól Gallup. Hlutfallið er svipað og fyrir um tveimur áratugum.

Þá kemur fram að hátt í helmingur landsmanna sé hlyntur aðild að Evrópusambandinu en um þriðjungur andvígur. Hlutfall þeirra sem eru hlyntir aðild að sambandinu fer vaxandi en í sambærilegri könnun árið 2010 voru sex af hverjum tíu andvígir aðild Íslands að sambandinu. ■

Stofnuðu Zuism ekki í neinu gríni

arnartomas@frettabladid.is

DÓMSMÁL Annar dagur aðalmeðferðar í máli ákærvaldsins gegn bræðrunum Einari og Ágústi Arnari Ágústssonum fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Þeir eru ákærdir fyrir fjárvik og peningaþvætti upp á um 85 milljónir króna í tengslum við trúfélagið Zuism á Íslandi.

Ólafur Helgi Þorgrímsson, sem tók þátt í að stofna Zuism árið 2012, hafnaði í skýrslutöku að félagið hefði verið stofnað í gríni eða léttuð. Hann sagðist ekki hafa verið virkur í félaginu en leit á það sem spennandi mannræktarverkefni. ■

Endurance fundið eftir erfiða leit

Búið er að finna skip Shackleton landkönnuðar við suðurskautið. Leiðtogi verkefnisins segir að þetta hafi verið ein erfiðasta leit sögunnar.

sigurjon@frettabladid.is

SUÐURSKAUT Vísindamenn hafa fundið skipið Endurance, en það sökk fyrir 107 árum síðan. Sir Ernest Shackleton, landkönnuður og skipstjóri Endurance, hafði siglt því um suðurskautið með það að markmiði að sigla yfir Weddelhaf og komast þannig til Suðurskautslandsins og aftur til baka.

Skipið lagði úr höfn 5. desember 1914 frá Suður-Georgíu, eyju sem er um 1.300 kílómetrum austan við Falklandseyjar. Ferðin hófst brósuglega, mánuði eftir að haldið var í ferðina festist skipið í hafis, áhöfnin dvaldi um tíma á ísnum þar sem skipið festist en við þá krökaleið töpuðust þrjú björgunarbátar. Í nóvember tæplega ári eftir að leiðangurinn hófst festist skipið í hafis og sökk, á ótrúlegan hátt komust Shackleton og menn hans allir lífs af, 28 talsins.

Þrátt fyrir að hafa legið á þriggja kílómetra dýpi í yfir öld er skipið í merkilega góðu ástandi, vísindamenn segja það í nánast jafn góðu ástandi og þegar það sökk í nóvember árið 1915.

Mensun Bound, sjávarfornleifafræðingur sem tók þátt í leitinni, segist aldrei hafa séð skipsflak í jafn góðu ástandi og Endurance. Ferill Bound spannar nær 50 ár og segir hann draum sinn vera að rætast, honum hafi alltaf langað að finna Endurance. „Skipið stendur upp-rétt, liggur vel á sjávarbotninum, er


Týnt skip Shackleton fundið

Vísindamenn hafa fundið flak skipsins Endurance, rúmum 100 árum eftir að það sökk í örlagaleiðangri til suðurskautsins.



Ernest Shackleton (1874 – 1922) Björgunarferð hans og fimm annarra úr áhöfninni eftir að skipið sökk var talin mikið afrek.

Endurance, 44 metra langt gufuskip hvarf niður á 3.000 metra dýpi á botni Weddelhafs.



SA Agulhas II:

13.700 tonna ísbrjótur sem nýttur var til leitarinnar

Myndir: Getty Images, Weddell Sea Expedition, Frank Hurley, Falklands Maritime Heritage Trust Heimildir: Weddell Sea Expedition 2019, Ocean Infinity, Encyclopedia Britannica © GRAPHIC NEWS



Ekki má raska við skipsflakinu en það er minnismerki samkvæmt alþjóðlegum sáttmálum um suðurskautið.

óskaddað og hefur varist undarlega vel,“ segir Bound í samtali við BBC.

Suðurafríski ísbrjóturinn Agulhas II var notaður í verkefnið sem hafði staðið í um tvær vikur. Leiðtogi verkefnisins, John Shears, segir að þetta hafi verið erfiðasta leit sögunnar, hafis hafi stöðugt verið á hreyfingu, fárviðri og allt að 18 stiga frost hafi gert þeim erfitt fyrir. Weddelhaf er þakið hafis nánast allan ársins hring og því erfitt að aðhafast neitt í þeim aðstæðum. Það kom á óvart hversu góðar aðstæður voru við leitina og Shears segir þeim hafa tekist það sem fólkí fannst ómögulegt.

Skipið var skoðað úr kafbátum og hefur ekki verið snert. 110 manns tóku þátt í verkefninu, 64 rannsakendur og 46 í áhöfn á ísbrjótum. Það var fjármagnað af nafnlausum aðila, en hann gaf tíu milljónir dollara til verkefnisins. Síðast var leitað að skipsflakinu fyrir þremur árum, án árangurs.

Það veur athygli að fyrstu myndir af skipsflakinu fundust fyrir 100 árum, upp á dag, frá jarðarför Shackleton, en hann var jarðaður 5. mars 1922. ■

20%* afsláttur af öllum reiðhjólum

Tilboðin gilda 10.-14. mars

HJÓLAÐ Í BYKO

25% afsláttur af öllum reiðhjólafylgihlutum

25% afsláttur af öllum Snickers vinnufatnaði

Snickers WORKWEAR

Styrkir Team Rynkeby á Íslandi

BYKO er styrktaraðili Team Rynkeby á Íslandi sem mun hjóla á æfingahjólum í verslunum BYKO á laugardaginn frá kl. 11-16 til styrktar Umhyggju.

Rynkeby ÍSLAND

Umhyggja –félag langveikra barna

Team Rynkeby páskaegg 2.900 kr.

Allur ágóði rennur beint til Umhyggju

BYKO

GERUM PETTA SAMAN

MOTTUMARS BYKO er stoltur söluaðili Mottumarssockanna 2022



BIOThERM

BLUE THERAPY UPLIFT
LYFTIR OG ÞÉTTIR Á 4 VIKUM.
KLÍNÍSKAR RANNSÓKNIR*



+31.9% ÞÉTTARI ** | +38.4% SKARPARI ÚTLÍNUR***

Blue Therapy Uplift kremin vinna gegn öldrunareinkennum vegna skorts á þéttleika húðar. Húðin virðist þéttari, stinnari og fær fallegan ljóma.

Vístvænar pakkingar, 40% endurunnið gler.

BIOThERM KYNNING

DAGANA 10. - 16. MARS

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BIOThERM VÖRUM

VELDU ÞINN KAUPAUKA

Glæsilegur kaupuki fylgir þegar keyptar eru Biotherm vörur fyrir 8.900 kr eða meira á meðan birgðir endast.



BLUE THERAPY

Red Algae krem 10 ml, næturkrem 5 ml, Life Plankton augnkrem 5 ml, Life Plankton ELIXIR 7 ml og Total Renew Oil 30 ml.



AQUASOURCE

Aquasource Gel 20 ml, Night SPA krem 20 ml, Life Plankton ELIXIR 7 ml, Eau Micellaire vatn 30 ml og Lait Corporel body lotion 40 ml.

*Klínísk rannsókn, 42 konur, 4 vikur af notkun. **Instrumental rannsókn, 40 konur, eftir 4 vikur.
***Instrumental rannsókn, 40 konur, eftir 4 klst.

HAGKAUP

Risavaxið mannúðarstarf fram undan í Evrópu

Yfir tvær milljónir Úkraínanna hafa flúið heimili sín. Nágrannaríki Úkraínu þurfa á stuðningi alþjóðasamfélagsins að halda. Hættustig er í gildi á landamærum Íslands.

adalheidur@frettabladid.is

Á fyrstu þrettán dögum stríðsins í Úkraínu hafa rúmlega tvær milljónir óbreyttra borgara flúið heimili sín í landinu, að mestu til næstu nágrannaríkja. Meira en helmingur flóttafólksins er kominn til Póllands en aðrir til Slóvakíu, Ungverjalands og Moldóvu, auk þess sem nokkur fjöldi hefur farið til Rússlands og örfáir til Hvíta-Rússlands. Einnhverjir hafa komist lengra til annarra Evrópuríkja.

Fyrir viku samþykktu aðildarríki Evrópusambandsins að virkja tímabundið verndarákvæði fyrir flóttafólk frá Úkraínu. Verndarákvæðið tryggir flóttafólki frá Úkraínu rétt til að til að búa og vinna í aðildarríkjum Schengen og leyfi þar að lútandi verður unnt að fá endurnýjuð á sex mánaða fresti.

Án þessa úrræðis hefði úkraínskum borgurum aðeins verið heimilt að dvelja innan Schengen í þrjá mánuði og þeir hefðu ekki rétt til að vinna.

Hjá Bretum, sem gengnir eru úr Evrópusambandinu, hafa deilur sprottandi upp um hvernig eigi að haga móttöku flóttafólks. Þar hefur ekki verið tekið upp sambærilegt verklag og hjá ESB og hafa úkraínskir borgarar sem vinna og starfa í Bretlandi ekki fengið að bjóða fjölskyldum sínum til sín. Sendiherra Úkraínu í Bretlandi hefur biðlað til stjórnvalda um að einfalda ferla sína til að því fólki sem hugnast að komast til Bretlands verði það mögulegt.




Það er erfitt að segja hve mörgum við munum taka á móti þar sem fólkið er allt að ferðast á eigin vegum.



Gylfi Þór Þorsteinsson fer fyrir aðgerðahópi stjórnvalda um móttöku flóttafólks frá Úkraínu.



Yfir milljón hefur komið yfir landamærin frá Úkraínu til Póllands frá því stríðið hófst fyrir 13 dögum. Hér ylja konur og börn sér við opinn eld meðan beðið er eftir lest sem á að flytja þau frá Medijka til Kraká í Póllandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Fólk flýr á eigin vegum

Íslenska ríkisstjórnin hefur hins vegar ákveðið að fylgja fordæmi Evrópusambandsins og munu sams konar reglur gilda fyrir fólkið sem hingað kemur frá Úkraínu og til annarra ESB-ríkja.

„Það er erfitt að segja hve mörgum við munum taka á móti á næstu dögum þar sem fólkið er allt að ferðast á eigin vegum. Þetta er fólk á flótta sem er að leita sér að skjóli og það eru svo sem engar tölur um það nákvæmlega hve margir munu koma til með að koma hingað,“ segir Gylfi Þór Þorsteinsson sem leiðir aðgerðahóp stjórnvalda um móttöku flóttafólks frá Úkraínu.

„Við erum að gera ráð fyrir að þetta geti orðið á bilinu þúsund til fimmtán hundruð sem munu koma til okkar, en það gætu orðið mun færri en einnig mun fleiri,“ segir hann. Að mestu leyti verði þetta konur og börn og hugsanlega gamalt fólk með.

Aðspurður segir Gylfi að á þessari stundu sé ekki verið að undirbúa móttöku tiltekinnna hópa en það gæti þó orðið þannig líka á síðari stigum, til dæmis hópa frá þeim ríkjum þangað sem mesti flóttamannastraumurinn hefur legið, eins og til Póllands, sem tekið hefur á móti meira en milljón manns á síðustu 13 dögum.

Húsnæði helsta áskorunin

Hann segir helstu áskorunina vera að útvega húsnæði fyrir fólkið til skemmmri og lengri tíma.

„Í því sambandi opnuðum við vefsíðu sem hægt er að finna inni á vefnum island.is þar sem fólk getur skráð eignir til láns eða leigu. Einnig sendum við bréf á öll sveitarfélög landsins því það eru jú þau sem þurfa að taka á móti fólkinu og þjónusta það. Þannig að við erum að efna til samstarfs við bæði sveitarfélög, stofnanir og samtök sem þurfa að vera með okkur í þessu,“ segir Gylfi Þór.

Hættustig á landamærum

Fyrir í vikunni færði ríkislögreglu-



Filippo Grandi, umboðsmaður í málefnum flóttafólks hjá Sameinuðu þjóðunum.

Fræðir yfir skjótum viðbrögðum Evrópu

„Viðbrögð Evrópu hafa verið með ólíkindum góð,“ segir í yfirlýsingu Filippo Grandi, umboðsmanns flóttafólks hjá Sameinuðu þjóðunum, sem hefur undanfarna fimm daga verið á vettvangi, hitt flóttafólk, hjálparstarfslið og sjálfbodaliða á svæðum umhverfis Úkraínu sem flóttafólkið hefur streymt til.

Grandi segist hafa rætt við fjölda flóttafólks, mest konur og börn auk gamalmenna og fólks með fötlun. „Þau hafa orðið fyrir miklu áfalli bæði vegna ofbeldisins í heimalandinu og erfiðs flótta í skjól. Fjölskyldur hafa verið klofnar í sundur og fari fram sem horfir verða það örlog margra, nema stríðið verði stöðvað.“

Grandi vísar einnig til skjótra viðbragða Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, bæði með veittri sérfræðiaðstoð og fjárhagsaðstoð upp á tugi milljóna dollara til þeirra ríkja sem mest mæðir á. Þá skorar hann á alþjóðasamfélagið að styðja vel við móttökurikin sem standa Úkraínu næst.

stjóri viðbúnaðarstig við landamærin á hættustig vegna mikillar fyrir séðrar fjölgunar flóttafólks sem vænta má að komi til landsins. Þann 8. mars höfðu þegar yfir 100 manns með tengsl við Úkraínu sótt um alþjóðlega vernd hér á landi og gera má ráð fyrir að sú tala hafi nú þegar hækkað eitthvað.

Í tilkynningunni kemur fram að með því að færa viðbúnað upp á hættustig séu virkjuð tæki, tól og aðstoð til þess að taka sem best á móti stærri hópum af fólki í neyð. Viðbragðsáætlunin geri til dæmis ráð fyrir þeim möguleika að opna fjöldahjálparstöð. ■

Popúlistarnir hafa tapað foringjanum

ser@frettabladid.is

Innrásarstríð Vládímírs Pútíns í Úkraínu breytir heimsmyndinni örugglega til skamms tíma og hugsanlega til langs tíma, að mati Eiríks Bergmann, prófessors í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst, en ekki einasta hafi popúlískir stjórnmálaflokkar í Evrópu og víðar tapað málefnalegu svigrúmi sínu, heldur líka foringja sínum, svo forsmáður sem Rússlandsforseti sé orðinn.

Þetta kom fram hjá Eiríki á Fréttavaktinni á Hringbraut í gærkvöldi þar sem hann ræddi um nýja heimsmynd eftir innrásina. Þegar upp er staðið sé Evrópa stærsta púðurtunna heims. Eiríkur tók fram að kjósendur væru fljótir að gleyma,



Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði

þjóðernishyggjan næði sér oft furðu fljótt á strik eftir áföll flokka sem hana styddu.

Þjóðernishyggjan stæði jafnan gegn ríkjandi valdakerfi, en það kerfi, Atlantshafsbandalagið og Evrópusambandið, sýndi nú einmitt mátt sinn, virkni og tilverur, og það héldi aftur af popúlístum nú um stundir. ■

Aðstoð við fólk snýst líka um tengsl

margret@hringbraut.is

Ilona Óttarsson hefur búið á Íslandi í fimm ár og vinnur vaktavinnu á Keflavíkurflugvelli. Fjölskylda hennar er enn í Úkraínu. „Fólk var ekki tilbúið fyrir þetta ástand. Þetta er erfitt, vinkona mín er tuttugu og eins, lifið er að byrja, hún ætlar í afmælisferð til útlanda og svo bara þúff–fluginu aflýst og það er komið stríð.“

Aðspurð hver afstaða Úkraínanna sé til rússnesku þjóðarinnar segir hún að reidni beinist frekar að þeim sem taka ákvarðanirnar. „Rússar og Úkraínur tala saman, við skiljum hvert annað. Ég hlusta á rússneska popptónlist, les



Fólk var ekki tilbúið fyrir þetta ástand.



Ilona Óttarsson

rússneskar bækur. Við hugsum ekki að þetta sé stríð milli fólks frá Úkraínu og fólks frá Rússlandi.“

Allar hennar frístundir fara í að hjálpa úkraínsku flóttafólki og hún mælir með að fólk sem vill hjálpa kynni sér og noti smáforritið Slack. Þar er hægt að merkja við að viðkomandi sé á Íslandi og vilji hjálpa flóttafólki frá Úkraínu, frá því að koma fatnaði í réttum stærðum í réttar hendur, til þess að bjóða fram húsnæði. Hún minnir líka á að félagslegur stuðningur er mikilvægur. „Það skiptir líka máli að bjóða í mat, félagskap á kaffihúsi, leikstefnumót barna. Ef við viljum hjálpa fólki snýst það ekki bara um hluti, heldur líka tengsl.“ ■

Parki
INTERIORS

Parket

Parki býður hágæða gólfefni frá þekktum alþjóðlegum birgjum.

Gríðarlegt úrval af viðarparketi ásamt vatnspolnu harðparketi og vínyparketi má finna í sýningarsal okkar á **Dalvegi 10-14**.

Komdu við og ræddu við sérfræðinga Parka og fáðu faglega ráðgjöf.



Parki
INTERIORS

Dalvegi 10-14
201 Kópavogi
595 0570



Finndu okkur á **Facebook!**
facebook.com/Parki.interiors



parki.is



Segir sjávarútveginn vera sveigjanlegan

Framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi segir að sjávarútvegurinn hafi gríðarlega aðlögunarhæfni og geti siglt í gegnum þau vandræði sem kunni að fylgja innrás Rússa í Úkraínu.

magdalena@frettabladid.is

Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, segir að þó svo það sé of snemmt að segja til um á þessum tímapunkti hvaða áhrif innrás Rússa í Úkraínu muni hafa á sjávarútveginn, þá sé ljóst að sjávarútvegurinn hafi mikla aðlögunarhæfni. Þetta sagði hún í sjónvarpsþættinum Markaðnum sem sýndur var á Hringbraut í gærkvöldi.

„Það er mikilvægt að við tölum ekki þannig að þessir viðskiptahagsmunir séu farnir, því sjávarútvegurinn hefur sýnt það í gegnum tíðina að hann er ótrúlega sveigjanlegur. Við höfum gengið í gegnum Rússabann, BREXIT og kórónaveiruna. Við höfum fengið staðfestingu á því aftur og aftur að aðlögunarhæfni atvinnugreinarinnar er mikil. Ég hef fulla trú á því að okkur takist að komast í gegnum þetta en þetta verður óneitanlega högg.“

Hún bætir við að það sé ómögulegt að segja til um á þessum tímapunkti hversu langvinn áhrifin verða.

„Það væri mjög óábyrgt að segja á þessum tímapunkti hver áhrifin raunverulega verða. Markaðsbrestir geta verið víða og ófyrirsjáanlegir. Flutningar, olíukostnaður og allir þessir þættir eru miklir óvissuþættir. Þannig að það er ómögulegt að segja til um það.“

Í þættinum var einnig rætt um kvótakerfið en Heiðrún segir að það sé ekki endilega neikvætt að tekist sé á um sjávarútveginn. „Ég held að afstaða fólks til sjávarútvegsins almennt sé ekki endilega neikvæð. Nýting náttúruauðlinda er í eðli sínu pólitískt mál og mismunandi sjónarmið um það. Auðvitað er það leiðinlegt að fólk sé með neikvæða



Heiðrún Lind segir að íslenskur sjávarútvegur sé brimbrjótur í fjórðu iðnbyltingunni. MYND/HRINGBRAUT



Við erum með hagkvæman sjávarútveg, hann er vel rekinn, skilar sínu til ríkisins og skapar störf. Þetta er eitthvað sem við ættum að vera stolt af og er í raun einsdæmi á heimsvísu.

afstöðu til kerfisins. En það er vert að benda á að kerfið hefur að vissu leyti sannað sig. Við erum með hagkvæman sjávarútveg, hann er vel rekinn, skilar sínu til ríkisins og skapar störf. Þetta er eitthvað sem við ættum að vera stolt af og er í raun einsdæmi á heimsvísu. Það er miður ef tilfinning fólks er að við eigum að umbylta þessu með einhverjum hætti. Mér finnst það ekki hafa komið skýrt fram hvað annað er í boði.“

Heiðrún Lind segir auk þess að frjálst framsal aflaheimilda, sem hefur verið umdeilt, sé skilyrði fyrir því að sjávarútvegurinn sé arðbær og skili verðmætum til samfélagsins. „Það var rætt um það í skýrslu auðlindanefndar sem Jóhannes Nordal fór fyrir árið 2000. Þá var sagt að hagkvæmni og arðsemi í sjávarútvegi réðist af tvennu. Það er frjálst framsal aflaheimilda og varanleiki aflaheimilda. Þetta tvennt eru þeir grundvallarþættir í

kerfinu sem eru hvað mikilvægastir. Þeir hafa skapað hagkvæmni sem leiðir til þess að sjávarútvegurinn getur skilað sínu til samfélagsins. Það er líka miður að við séum föst í umræðunni um fjárhæð veiðigjaldsins. Þegar það er sett í samhengi þá átta fáir sig á því hversu umfangsmikil gjaldtakan er í raun.“

Heiðrún Lind bætir við að skattspor sjávarútvegsins árið 2018 hafi verið í kringum 77 milljarðar samkvæmt skýrslu sem Sveinn Agnarsson stóð fyrir. „Þetta skilar sér í ríkissjóð. Síðan má ekki gleyma að sjávarútvegurinn skapar störf og það hálaunuð störf. Sjómenn eru sú stétt sem er hvað hæst launuð í landinu. Fiskvinnslan er komin á þann stað að hún er yfir meðaltali í launagreiðslum á landsvísu. Það eru fölgjendur verðmæti í að vera með vel launuð og örugg störf.“

Aðspurð hvort sjávarútvegurinn geti staðið undir frekari skattlagningu segir Heiðrún að hagsa

purfi það út frá samkeppnishæfni greinarinnar. „Sjávarútvegurinn er útflutningsgrein og við erum að keppa á erlendum mörkuðum við aðrar fiskveiðipjóðir. Við þurfum að bera okkur saman við þær. Það á að vera verkefni að gera sem mest verðmæti úr auðlindinni og við erum ekki í ólíkum liðum. Þegar við berum saman skattlagningu milli landa þá getur maður fullrytt að skattlagning hér á landi er með því hæsta sem gerist í heiminum.“

Heiðrún segir auk þess að ekki megi gleyma því að íslenskur sjávarútvegur hafi verið brimbrjótur í fjórðu iðnbyltingunni hér á landi. „Við höfum átt frábært samstarf við tæknifyrirtækin og nýtt íslenskt hugvit. Sjávarútvegurinn hefur með þessu leyst vandamál sjávarútvegsins á heimsvísu sem hefur leitt til þess að mannhöndum fækkar við vinnslu fiskis. Við eigum að halda áfram að gera góða hluti á þessu sviði.“ ■

B O R G

ATVINNUHÚSNÆÐI

5195500 · FASTBORG.IS

Sérniðið framtíðarhúsnæði fyrir þinn rekstur



Til sölu eða leigu



Urðarhvarf 10

Urðarhvarf 10 í Kópavogi, 4.800 fm hús á 6 hæðum auk bílageymslu. Sérniðið hús að þörfum leigjanda eða kaupanda, framtíðarhúsnæði sem hentar fyrir skrifstofur, verslun eða annað. Góð staðsetning og tenging við stofnbrautir, hjóla- og gönguleiðir.

203 Kópavogur

Ýmis þjónusta í hverfinu og útsýni yfir Elliðaárdalinn. Ýmsir möguleikar varðandi hönnun og skipulag innan hússins, hvort sem er fyrir leigutaka eða kaupanda. Ytra útlit og skipulag lóðar liggur fyrir.



Gunnlaugur Þráinsson
lögg. fasteignasali og leigumiðlari
gunnlaugur@fastborg.is
844 6447



Úlfar Þór Davíðsson
lögg. fasteignasali og leigumiðlari
ulfar@fastborg.is
788 9030

Frambjóðandi vill að iðnaðarfélögin vinni saman

magdalena@frettabladid.is

Guðmundur Helgi Þórarinnsson, formaður Félags veltjóra og málm-tæknimanna, er að bjóða sig fram á nýjan leik til að gegna formennsku í félaginu. „Mín áherslumál eru meðal annars að ég tel að iðnaðarfélögin eigi að vinna náið saman,“ segir hann og bætir við að hann telji einnig að það þurfi að skoða hvað er eðlilegt launabil á milli ófaglærðra og faglærðra. „Það þarf að vera hvati til að fara í nám.“

Guðmundur segir einnig að hann telji að semja ætti um laun í fiskeldi sem væru sambærileg því sem þekktist í stóriðjunni.

„Mér finnst ótrúlegt að fiskeldið hafi fengið að koma hingað til landsins og vera í eigu útlendinga sem fá því að gera það sem þeir vilja. Það er milljarða velta í þessari iðn og þetta er mjög sambærilegt stóriðjunni. Þannig að kjörin ættu að vera í samræmi við það. Það er ekki í lagi að iðnaðurinn brjóti allar reglur og við teljum að stéttarfélagin eigi að koma að því að semja um kaup og kjör í þessari iðn. Ef fyrirtæki fái að nýta auðlindir í eigu þjóðarinnar þá eigi það að vera grunnkrafta að farið sé vel með auðlindina og að greidd sé góð laun hjá þeim fyrirtækjum.“ ■



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

2021 2022 | MEISTARAVERK Í MARS

FÁÐU ÞÉR SÆTI

17|03

FIMMTUDAGUR

KL. 19:30

Þýsk sálumessa

Olivier Messiaen
Les Offrandes oubliées

Johannes Brahms
Ein deutsches Requiem

Hljómsveitarstjóri **Bertrand de Billy**
Einsöngvarar **Emily Pogorelc** og **Jóhann Kristinsson**
Kórar **Mótettukórinn** og **Söngsveitin Fílharmonía**

24|03

FIMMTUDAGUR

KL. 19:30

Mozart og Beethoven

Wolfgang Amadeus Mozart
Balletttónlist úr óperunni Idomeneo

Wolfgang Amadeus Mozart
Fiðlukonsert nr. 5

Ludwig van Beethoven
Sinfónía nr. 7

Hljómsveitarstjóri **Kornilios Michailidis**
Einleikari **Simos Papanas**

KONTOR REYKJAVÍK



Miðasala
sinfonia.is

Sími
528 5050

Fórnfýsi



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Það er lýsandi fyrir seinni tíma ómöguleika í íslenskrí pólitík að Vinstrihreyfingunni – grænu framboði er nokkurn veginn slétt sama um að förna helsta stefnumáli sínu í skiptum fyrir ráðherrastöla.

Og það er þá endanlega komið í ljós að andstaða hreyfingarinnar við heri og hernaðarbandalög er ekki meiri en svo að hún skiptir ekki máli þegar á hölminn er komið.

Hér er skákað í skjóli opinberrar þjóðaröryggisstefnu – og hún er sögð trompa hugsjónir vinstrianna í utanríkis- og öryggismálum. Það má með öðrum orðum skýra sem svo að ef utanáðkomandi hætta stöðjar að landi og lýð skuli stefnumál flokksins víkja.

Það er mikil fórnfýsi. Það er fórnfýsi af hæstu gráðu íslenskra stjórn mála. Og það er eftir henni tekið, sérstaklega á næsta stjórn mála fundi sósíalistanna þar sem hnúinn mun hvítna af áherslu.

En þetta er ekkert annað en íslensk pólitík, hæfilega laus við grundvallarafstöðu – og nægilega mjúk til þess að láta skeika að sköpuðu ef tækifærið er stærra en málefnin sjálf.

Og þetta er sennilega dæmi um þann agalauða íslenska hugsunarhátt að geta bæði verið með og á móti án þess að það róti nokkru upp í huga manns. Einmitt af því að stefnan er eins og vatnið – og vatnið er eins og stefnan, fer sína leið og rennur auðveldustu leiðina á burt og gufar að lokum upp.

Álengdar standa staffirugir forkólfar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins, gömlu helmingaskiptaflokkanna sem fyrr og síðar hafa skipt á milli sín góssinu í landinu – og eiga erfitt með að halda niðri í sér hlátrinum, enda er foringi þeirra við ríkisstjórnarborðið, hatrammur andstæðingur Nató, orðinn að málpípu þess í raun og sann.

Það er fórnfýsi. Það er fordæmalaus fórnfýsi. ■


”
Hér er skákað í skjóli opinberrar þjóðaröryggisstefnu – og hún er sögð trompa hugsjónir vinstrianna í utanríkis- og öryggismálum.

Danska skömmin

Frægt er þegar Danir fengu inni í Evrópusambandinu á sínum tíma að öllum undanþágum sem þeir fengu að regluverki þess var líkt við svissneskan ost, svo götótur þótti sjálfur aðildarsamningurinn vera. Meira að segja komust Danir upp með að vera utan hernaðarsamstarfs ESB, en þeim þótti það sjálfsagt í þá daga.

Núna skammast þeir sín fyrir það. Þeir geti ekki verið stikkfrí á stríðstímum. Og það er til marks um breytta heimsmynd að í öryggismálum eru Danir, Finnar og Svíar farnir að hugsa eins. Veruleikatékið er víða. ■

■ Halldór



■ Frá degi til dags

arib@frettabladid.is

■ Klórað í banaspjótin

Vigdís Hauksdóttir er hætt að berja afturfótunum við steininn og hyggst hætta í borgarstjórn. Hyggst hún þess í stað naga hatt sinn í pokahorninu. Ekki hefur tekist að kryfja merginn úr mysu Reykjavíkurborgar sem heldur áfram að haga sauðargæru eftir vindi. Eina í stöðunni fyrir hana er pólitískt kamikaze og að launa borginni kóttinn í bóli sauðarleggsins. Án þess að tefla við skrattann eða gera úlfalda úr lúsmýri er staða Miðflokksins svört í borginni. Þarf nú aðeins einn tölvupóst frá Bergþóri Ólasyni um að hann sé kominn í Sjálfstæðisflokkinn til að flokknunum sé nánast sjálfhætt.

■ Rok og rigning

Mér finnst rigningin góð vó vó vo ó vó ó óh, söng Grafík á sínum sínum tíma sem og höfuðborgarþúar þegar yndislegir regndropar skoluðu burt snjónum og unnu á klakabúntunum í íbúagötum. Verður þetta veturinn sem barnabörnunum verður sagt frá að nota þurfti fjallgöngubúnað til að komast út á strætóstoppistöð á meðan Sanktí Bernharðshundar leituðu að borgurum sem voru grafnir í fönn. Holurnar álika stórar og skafarnir og beyglurnar voru orðnar fleiri á bilaflothanum en í bakarium landsins. Þetta er að minnsta kosti mun skemmtilegri saga en af Netflix-marapóni ömmu í faraldrinum mikla. ■

Öruggt neyslurými í Reykjavík



Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
oddiviti Viðreisnar
í Reykjavík og for-
maður borgarráðs

Við fögnum því að Ylja, sem er öruggt neyslurými í sérútbúnum bíl, tekur til starfa í dag. Frá upphafi hefur þessi meirihluti lagt áherslu á að aðstoða viðkvæma og jadarsetta einstaklinga í Reykjavík, út frá hugmyndum um valdeflingu og skadaminnkun. Við settum því strax í meirihlutasettmálanum fyrir fjórum árum að við vildum koma hér upp neyslurými í samvinnu við heilbrigðisyrivöld.

Það hefur tekið nokkurn tíma að fá lagaheimildir og svo samning við heilbrigðisyrivöld til að geta veitt þessa þjónustu en nú erum við komin af stað. Embætti landlæknis hefur gefið út starfsleyfi vegna Ylju og samningur Reykjavíkur og Rauða krossins um rekstur er fyrir hendi. Ylja er farin að rúlla.

Skaðaminnkandi aðgerðir, líkt og öruggt neyslurými, draga úr hættulegum afleiðingum notkunar ávana- og fíkniefna. Með því að veita öruggan vettvang, handa fólki sem mun nota vímuefni í æð, komum við í veg fyrir aukinn skaða, að fólk veikist eða jafnvel deyri. Þannig aukum við lífsgæði þessa jadarhóps og aðstandanda hans.

Skaðaminnkandi verkefni, líkt og Ylja, byggja á því að byggja upp traust, veita stuðning og viðhalda mannlegri reisu þeirra sem munu koma til með að nota neyslurýmið, líkt og við alla aðra heilbrigðisþjónustu. Því rekstur neyslurýma er heilbrigðisþjónusta.

Rauði krossinn hefur um árabíl rekið skaðaminnkandi verkefnið Frú Ragnheiður, þar sem traust hefur myndast til að veita aukna þjónustu og stuðning sem nær mun lengra en bara til nála-skipta. Líkt og hjá Frú Ragnheiði býður Ylja upp á rakið tækifæri til að ná til jadarsetts hóps sem erfitt er að ná til. Með því að veita enn frekari þjónustu með Ylju gefast því líka tækifæri til að veita bæði lágmarks heilbrigðisþjónustu og sinna sálrænum stuðningi og ráðgjöf.

Það er fjölbreytt flóra einstaklinga sem byggir borg og það er hlutverk okkar sem stjórnun borginni að gæta þess að allir einstaklingar geti hér blómstrað á sínum forsendum. ■

”
Það er fjölbreytt flóra einstaklinga sem byggir borg.

Sjálfvirkur opunarbúnaður og snertilausir rofar frá

GEZE

Þýsk gæðavara.

JARN&GLER

Skútuvgi 1h - Sími 585 8900
www.jarngler.is

Veikur stjórnarsáttmáli á örlagatímum

Af Kögunarhóli

Þorsteinn Pálsson



Stríð Rússa gegn Úkraínu varpar skýru ljósi á mikilvægi alþjóðlegs samstarfs í utanríkis- og varnarmálum.

Stefna Íslands hefur um langa hríð falist í vestrænum gildum: lýðræði, mannréttindum, velferð og frjálsum viðskiptum.

Þessum markmiðum höfum við náð fram með aðild að Atlantshafsbandalaginu og innri markaði Evrópusambandsins í gegnum EES-samninginn.

Atburðir síðustu daga eru til marks um að þetta er í raun grundvöllurinn, sem Ísland stendur á í samfélagi þjóðanna.

Fjallabaksleið

Í þessu ljósi er fróðlegt að skoða hvernig stjórnarflokkarnir nálgast þetta viðfangsefni í þriggja mánaða gömlum stjórnarsáttmála.

Í formálanum er ekki minnst á utanríkis- og varnarmál. Það er heldur ekki gert í þeim hluta sáttmálans sem lýsir stefnu stjórnarinnar. Í verkefnalistanum er hins vegar kafla um utanríkis- og

alþjóðamál og þróunarsamvinnu.

Hornsteinar utanríkisstefnunnar eru taldir þar: Auk lýðræðis og mannréttinda eru það friðsamlegar lausnir, sjálfbær þróun og jafnrétti kynjanna. Síðan segir að norrænt samstarf sé grundvallarþáttur í alþjóðlegu samstarfi Íslands.

Atlantshafsbandalagið er hvergi nefnt berum orðum. Aftur á móti er vísað í samþykkt Alþingis um þjóðaröryggisstefnu. Þetta er að fara fjallabaksleið að veruleikanum.

Gamall frasi

Varðandi hina raunverulegu meginstöð utanríkisstefnunnar segir í verkefnaþætti stjórnarsáttmálans að hagsmunum Íslands sé best borgið utan Evrópusambandsins.

Orðalagið er tekið beint úr ræðum og skrifum talsmanna Sósíalistaflokksins og Alþýðubandalagsins á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar. Þá tók þessi frasi til beggja bandalaganna í Evrópu.

Þetta er hins vegar sérkennileg yfirlýsing í stjórnarsáttmála árið 2022 í ljósi þess að í þrjá áratugi hefur Ísland átt fulla aðild að innri markaði Evrópusambandsins, sem er uppistaðan í starfi þess.

Þrátt fyrir þessi afdráttarlausu orð í stjórnarsáttmálanum verður ekki annað séð en utanríkisráðherra líti svo á, bæði í orðum og athöfnum, að aðildin að innri



markaði Evrópusambandsins sé annar hornsteinnar utanríkisstefnunnar ásamt þátttöku í Atlantshafsbandalaginu.

Öfugt við stjórnarsáttmálann hefur málflutningur utanríkisráðherra verið skýr og fölskvalaus.

Feluleikur

Ósamræmi á milli stjórnarsáttmála og raunveruleika í utanríkis- og varnarmálum á rætur að rekja til þess að innan allra stjórnarflokkanna er andstaða við hluta stefnunnar, sem forystumenn þeirra hafa ekki treyst sér til að takast á við.

Innan Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar er andstaða við aðildina að innri markaði Evrópusambandsins. Hún er fárra ára gömul. VG er aftur á móti andvíg

aðild að Atlantshafsbandalaginu frá gamalli tíð. Í stjórnarsáttmálanum reyna forystumennirnir að fela þennan vanda.

Feluleikur með svo veigamikil atriði, sem snúa að sjálfu öryggi, fullveldi og efnahagslegu sjálfstæði landsins, er ekki hættulaus á örlagatímum.

Og hinu má ekki gleyma að efnahagssamstarfið snýst ekki bara um frelsi í viðskiptum og hagvöxt. Það er órjúfanlegur þáttur í varðveislu friðar.

Hættan

Gæfumunur Íslands og Úkraínu felst í skjólinu, sem þessar tvær raunverulegu meginstöðir utanríkisstefnunnar veita.

Stjórnvöld eiga ekki að gefa í skyn að norrænt samstarf sé

grundvöllur utanríkisstefnunnar þegar hún í raun byggir á aðild að Atlantshafsbandalaginu og innri markaði Evrópusambandsins.

Engum vafa er undirorpið að mikill meirihluti þjóðarinnar styður raunverulegu utanríkisstefnuna.

En fari stjórnvöld í kringum þá hluti eins og köttur um heitan graut getum við einn góðan veðurdag staðið andspænis því að skilninginn skorti.

Ríkisstjórnin ætti því að endurskrifa stjórnarsáttmálann svo að raunveruleikinn blasi þar skýr við landsmönnum og öðrum þjóðum.

Norrænt samstarf

Í Svíþjóð og Finnlandi er vaxandi stuðningur við að færa formlegt samstarf landanna við Atlantshafsbandalagið á nýtt stig með fullri aðild. Það myndi treysta mjög norræna samvinnu.

Alveg á sama hátt er eðlilegt að setja á dagskrá stjórn málaumræðunnar hér heima spurninguna um fulla aðild að Evrópusambandinu.

Við erum nú þegar aðilar að kjarna Evrópusamstarfsins. Lokaskrefið myndi styrkja efnahagslega stöðu Íslands og veita traustara pólitískt skjól á þeim óvissutímum, sem fram undan eru. Hagsmunum Íslands er best borgið með því.

Slíkt skref myndi styrkja til muna norræna samvinnu og að því leyti vera í góðu samræmi við það sem stjórnarsáttmálinn segir um ágæti hennar. ■



PRESSAN
Í KVÖLD KL. 20.00

Nýr og hraður þáttur um helstu fréttamál líðandi stundar, í umsjón Sigurjóns M. Egilssonar.



HRINGBRAUT



Úr takti við tímann



Kristrún Frostadóttir
Þingmaður Samfylkingarinnar



Jóhann Páll Jóhannsson
Þingmaður Samfylkingarinnar

Alþingi samþykkti nýverið ramma utan um öll umsvif hins opinbera út árið 2026; fjármála- stefnu stjórnvalda. Ramminn tekur fyrst og fremst mið af skuldastöðu ríkissjóðs til skamms tíma í stað þess að horfa á sjálfbærni samfélagsins og þar með fjárhagsstöðu hins opinbera til langs tíma. Hann tekur hvorki mið af stöðunni á húsnæðismarkaði og stöðunni á vinnu- markaði né af fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Af því leiðir að annað hvort stefnir í afturför í velferðarmálum hér á landi ef samþykktur rammur á að halda, eða þá að nýsamþykkt fjármálastefna ríkisstjórnarinnar til fjögurra ára er nú þegar sprungin.

Ramminn tekur ekki mið af veruleika og þörfum fatlaðs fólks á Íslandi. Aætlanir stjórnvalda gera ráð fyrir 0,7% raunaukningu útgjalda árlega, eða um 8 milljörðum króna frá 2023-26. Þjónusta við fatlað fólk hefur verið vanfjármögðuð frá því að málaflökkurinn var fluttur yfir til sveitarfélaganna árið 2012 og um 9 milljarða króna vantar inn í málaflökkinn samkvæmt greiningum. Bara það eitt að fullfjármagna þjónustu við fatlað fólk, sem er bundin í lög, með samningum við sveitarfélögin, myndi taka allt svigrúmið sem ríkisstjórnin hefur gert ráð fyrir í áætlun sinni út kjörtímabilið.

Húsnæðisverð hefur hækkad um 25% á síðustu tveimur árum, verðbólga er rúmlega 6% og stefnir í frekari verðþrýsting vegna stríðsins í Úkraínu. Forsendur þess að ramminn haldi er stöðugleiki á vinnu- markaði. Sá stöðugleiki er háður aðgerðum nú, en úrræðaleysi stjórnvalda gagnvart verðhækkunum hefur reynst algjört. Úrræðaleysi í dag skapar spennu sem mun brjótast út strax í haust. Aukinn launakostnaður og kostnaður vegna verðbólgu getur hæglega slagad í þá 8 milljarða króna sem ríkisstjórnin hefur skammtað sér í núverandi fjármálastefnu ef ekkert er að gert til að milda höggið af verðhækkunum.

Þá tekur ramminn heldur ekki mið af þörfum framtíðarkynslóða þrátt fyrir allt tal um mikilvægi þess að auka ekki byrðar þeirra út frá þröngum mælikvarða um ríkisskuldur. Í umfjöllun fjármálaráðs um fjármálastefnu stjórnvalda kemur fram að fjárfestingarstig í landinu sé orðið varanlega lægra en það var í kringum aldamót. Fjármunastofninn er metinn lægri en í flestum þeim löndum sem við berum okkur saman við. Van-



Þetta er sjálfskapaður víthringur sem stjórnvöld vilja ekki rjúfa.

fjárfesting á sér aftur á móti ekki aðeins stað hjá ríkinu, heldur er vandinn mun verri á sveitarstjórna- stiginu. Fjárfesting sem hlutfall af landsframleiðslu hefur fallið hjá sveitarfélögum og núverandi áætlanir benda til þess að fjárfestingar- hlutfallið fari lakkandi út árið 2026.

Þetta er sjálfskapaður víthringur sem stjórnvöld vilja ekki rjúfa. Staðan í fjárfestingum sveitarfélaga er nefnilega afleiðing niðurskurðar bakdyramegin í rekstri ríkissjóðs. Málaflökkar hafa verið fluttir yfir til sveitarfélaga til að hreinsa borð ríkissjóðs og bæta afkomustöðuna, og á móti dregið úr getu sveitarfélaga til að sækja fram. Fjárfesting sveitarfélaga hefur sögulega verið um 1,9% af landsframleiðslu en verður undir lok tímabils fjármálastefnu stjórnvalda um 1,2% af landsframleiðslu. Þessi 0,7% munur er igildi um 20 milljarða króna í dag. Því má segja að vanfjármögnun í málaflökki fatlaðs fólks jafngildi um helmingnum af þessu fjárfestingargati.

Þetta er sérstaklega alvarlegt í ljósi þess að svigrúm sveitarfélaga til að auka tekjur sínar er mjög takmarkað og tekjustofnar fáir. Sveitarfélögin eiga erfiðara með að nálgast lánsfjármagn og njóta verri lánskjara en ríkissjóður. Stærri sveitarfélög, líkt og Reykjavíkurborg, geta sótt fjármagn á mörkuðum á hag- stæðum kjörum sökum stærðar og því sinnt nauðsynlegri fjárfestingu og framtíðaruppbyggingu. Þannig getur Reykjavíkurborg fylgt nútímalegri efnahagsráðgjöf um að skera ekki niður fjárfestingu á erfiðum tímum, en fjöldi sveitarfélaga getur ekki leyft sér slíkt vegna úreltrar efnahagsstefnu þeirra flokka sem fara með landsstjórnina. Ríkisstjórnin ætti að leitast eftir því að efla sveitarstjórnarstig og getu þess til að sækja fram, ekki halda aftur því með efnahagsstefnu sem er verulega úr takti við tímann. ■

Baráttudagurinn og Úkraína



Hildur Jónsdóttir
verkefnisstjóri SIGURHÆÐA – þjónusta við þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi

Einn af hápunktum ársins hjá konum víðs vegar um heim er 8. mars, alþjóðlegur baráttudagur kvenna. Hann á rætur að rekja allt til ársins 1910 þegar baráttukonur fjöldamargra ríkja komu saman og ákváðu að byggja upp samtaka- mátt sinn og bindast böndum þvert á landamæri, í fyrstu einkum í baráttu fyrir rétti verkakvenna á vinnu- markaði, svo sem fyrir launajafnrétti á við karla, en þá höfðu konur yfirleitt helming af launum karla fyrir sömu vinnu og bjuggu við þrælakjör að öllu leyti. Líka skyldi barist fyrir kosningarétti og öðrum mannréttindum konum til handa. Alls staðar blasti kynjamsírétti við, alls staðar glímdu konur við ómur- legar afleiðingar þess að vera taldar annars flokks af ríkisvaldi, löggjafa, atvinnurekendum, heilbrigðiskerfi, menntakerfi, trúarbrögðunum – og svona mætti áfram telja.

Systrabönd í þágu kvenna og stúlkna

Saga Soroptimistahreyfingarinnar spannar nú 101 ár og eru rætur hennar samofnar rótum þeirra kvennahreyfinga, framfarahreyfinga og mannréttindahreyfinga sem upp úr þessum jarðvegi eru sprottarnar. Fyrsti Soroptimista- klúbbur heims var stofnaður í Bandaríkjunum 1921 og helgaði sig baráttunni fyrir að bjarga rauð- viðarskógnum fornu og mikilfeng- legu sem valdamikil skógarhögg- fyrirtæki voru þá farin að höggva niður svo eyðing þeirra blasti við. Þessi samtök Soroptimista í Band- aríkjunum voru fyrstu samtökin þarlendis til að taka upp baráttuna fyrir verndun þessara skóga. Næsti klúbbur var stofnaður í Bretlandi til að aðstoða munadurlausar stúlkur og reka skóla fyrir þær. Klúbbar urðu til í fleiri löndum í kjölfarið og 1928 var komið á alþjóðlegum sam- tökum Soroptimista. Svona mætti áfram telja, en þarna strax var komin fram rík áhersla Soroptimista á umhverfismál, menntamál og hagsmuni stúlkna sem höllum fæti stöðu. Með seinni heimsstyrjöld- inni varð Soroptimistum ljóst að konur og stúlkubörn voru „gleymd“ fórnarlömb stríða, sem ídulega köll- uðu yfir þær aukna hættu á man- sali og grimmilegu kynferðislegu ofbeldi til viðbótar við þekktari afleiðingar stríðsátaka. Þegar Sam- einuðu þjóðirnar voru stofnaðar 1948 og mannréttindayfirlýsing þeirra varð til voru Soroptimistar ekki langt undan og fljótlega fengu Soroptimistar á heimsvísu áheyrn- araðild að ýmsum nefndum og stofnunum Sameinuðu þjóðanna, tengsl sem hafa verið afar sterk og áhrifamikil allar götur síðan. Um þessar mundir eru hundruð klúbba starfandi í flestum löndum heims og félagar eru 72 þúsund. Allur þessi fjöldi kvenna helgar sig verkefnum á fjölbreyttum sviðum sem falla að markmiðum Soroptimista um heim allan.

Skipulagðar nauðganir víðurkenndar sem stríðsglæpir

Það varð svo ekki fyrr en í kjölfar stríðsins í Júgóslavíu á tíunda ára- tugnum sem alþjóðasamfélagið víðurkenndi fyrst að skipulagðar nauðganir og kynlífsánaud voru orðnar hluti af stríðsrekstri og í kjöl- farið bættust þær við skilgreiningar á því hvað hugtakið stríðsglæpir fela í sér. Í þessu fólust mikil tímamót. Bein afleiðing af þessu er að nú er hægt að höfða mál fyrir Alþjóðlega sakamáladómstólnum í Haag fyrir glæpi þessarar tegundar.

Ár hvert hafa Soroptimistar valið þema til að leggja áherslu á 8. mars og í ár höfðu þeir samþykkt að leggja sérstaka áherslu á umhverfismál og áhrif loftslagsbreytinga á líf kvenna og stúlkna, reyndar mann-



Hugur okkar er líka hjá rússneskum Soroptimistasysturum okkar sem nú mega horfa upp á það að konur eru sviptar grundvallar- mannréttindum eins og tjáningarfrelsi sem hefur tekið blóð, svita og tár að berjast fyrir það eitt að mótmæla stríðsrekstri Pútíns sem ógnar allri Evrópu.

kynið allt og þessa einu plánetu sem við eigum.

En þá varð innrás. Herir Rússa réðust með vopnavaldi yfir úkraínsk landamæri og þverbrutu þannig á sjálfsákvörðunarrétti úkraínsku þjóðarinnar. Á augabragði settu Soroptimistar um allan heim það í forgang að aðstoða systur (en svo köllum við okkur) í þeim fimm klúbbum Soroptimista sem starfa í Úkraínu, á allan þann hátt sem unnt er. Neyðarsjóður Evrópusam- bands Soroptimista sendi út ákall til allra klúbba í Evrópu, þar á meðal þeirra 19 sem eru starfandi hér á landi, um fjárframlög til úkraínsku klubbanna en líka til klúbba um alla Evrópu um að bretta strax upp ermar og hefja söfnun á aðföngum, skipulagningu á neyðaraðstoð við flóttamenn og móttöku þeirra, ekki aðeins í nágrennalöndum Úkraínu en einnig til dæmis á Norðurlönd- um. Íslenskir Soroptimistaklúbbar og einstaklingar í röðum Soropt- imista hér á landi, þar með talinn Soroptimistaklúbbur Suðurlands, hafa strax brugðist rausnarlega við þessu ákalli.

Hugur okkar er líka hjá rússneskum Soroptimistasysturum okkar sem nú mega horfa upp á það að konur eru sviptar grundvallarmannrétt- indum eins og tjáningarfrelsi sem hefur tekið blóð, svita og tár að berjast fyrir og handteknar fyrir það eitt að mótmæla stríðsrekstri Pútíns sem ógnar allri Evrópu.

Soroptimistar á Evrópuvísu hafa sameinast um eftirtalda yfirlýsingu:

Stríð er ekki kynhlutlaust

Konur þjást óhóflega í vopnuðum átökum. Þær sækjast sjaldan í stríð en verða fyrir mestum áhrifum af stríði. Í friðarviðræðum er konum yfirleitt ekki boðið að borðinu eða þær jafnvel útilokaðar. Átökin í Úkraínu hvetja okkur til að vekja athygli á þessu. Við óttumst um heilsu og velferð milljóna kvenna og stúlkna sem gætu orðið fyrir meiddum, misst heimili sín og vinnu, farið á flótta, misst af skóla- göngu, lent í nauðgunum og dáíð. Staða kvenna er miklu viðkvæmari en karla gagnvart stríðsglæpum. Við skorum á ríkin að virða að fullu mannréttindi allra kvenna og stúlkna í Úkraínu eins og kemur fram í mannréttindasáttmála Evrópuráðsins sem öll aðildarríki Evrópuráðsins samþykktu að fylgja, þar á meðal Rússar og Úkraínumenn.

Soroptimistaklúbbur Suðurlands hvetur Íslendinga til að sýna Úkraínu allan þann stuðning sem verða má og opna faðminn fyrir flóttamönnum þáðan með systrapel og bræðrapel að leiðarljósi.

Fyrir hönd Soroptimistaklúbbs Suðurlands. ■



Árborg okkar allra



Fjola Kristinsdóttir
í framboði til 1. sætis í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins

Það er gott að búa í Árborg, hér ólst ég upp og hér hef ég allíð upp mín börn. Ég hef séð sveitarfélagið stækka, íþróttalífíð eflast, atvinnulífið blómstra og skólasamfélagið styrkjast. Hér er nálægðin við náttúruna okkur dýrmæt og laðar að, plássfreak áhugamál blómstra hér í sveitarfélaginu eins og golf, hestamennska, mótorkross og flug svo fátt eitt sé nefnt.

Ábyrgur rekstur

Velferð íbúa skiptir mig miklu máli en ég tel að ábyrgur og skilvirkur rekstur sveitarfélagsins sé forsenda þess að það megi vaxa og dafna áfram. Skilvirkur rekstur er forsenda þess að sveitarfélag geti veitt þá grunnþjónustu sem íbúar þess hafa þörf fyrir um leið og leita þarf allra leiða til að stilla álögum og gjöldum á íbúa og fyrirtæki í höf.

Þegar kemur að því að styrkja tekjustofna sveitarfélagsins þurfum við að laða að okkur fjölbreytta atvinnustarfsemi og auka um leið atvinnumöguleika íbúa. Því er gríðarlega mikilvægt að innviðir sveitarfélagsins, heitt og kalt vatn ásamt fráveitumálum standi undir þeirri uppbyggingu.

Árborg eftirsóknarverður staður til að búa á

Sveitarfélag þarf að hafa skýra stefnu og framtíðarsýn til að það sé eftirsóknarverður staður til að búa á. Stjórnendur þurfa að sýna festu, hafa hugrekki og heidarleika þegar kemur að ráðdeild í fjármálum. Við þurfum að geta tekið á málum og vegið og metið það sem er mikilvægast til framtíðar, forgangsroðun fjárfestinga sveitarfélagsins verður að vera fyrirsjáanleg.

Vaxandi samfélag

Í Árborg eru starfræktir fjölmargir leik- og grunnskólar af miklum metnaði. Hér höfum við Háskóla-setur þá er framhaldsskólinn sömu-leiðis metnaðarfullur en auk hinna hefðbundnu stúdentsbrauta eru í boði íþróttakademíur, fjölbreytt og öflugt verknám sem og hestabraut. Árborg á að vera leiðandi í skólumálum á öllum skólastigum. Að vera leiðandi krefst hugrekksis og skýrrar sýnar. Það er því mikilvægt að vera bæði framsýn og hafa ákveðna stefnu þegar kemur að uppbyggingu og aðlögun grunnþjónustu og nýjum og vaxandi hverfum sem og þeim íbúakjörnum sem fyrir eru eins og á Eyrbakka og Stokkseyri. Leikskólinn er dýrmæt grunnstöð fjölskyldufólks sem og allur grunnskólinn. Að tryggja góða

Í Árborg eru starfræktir fjölmargir leik- og grunnskólar af miklum metnaði.

leik- og grunnskóla skiptir sköpum þegar kemur að samkeppnishæfni sveitarfélaga.

Nýir tímar

Ég hef áhuga á að taka þátt í enn frekari uppbyggingu sveitarfélagsins Árborgar. Það eru spennandi tímar fram undan um leið og þeir eru krefjandi. Við lifum á tímum breytinga þar sem stafræn umbreyting, störf án staðsetningar og sjálfbærni skipta íbúa og sveitarfélagið máli. Þar á Árborg að vera í fremstu röð. Samtal við íbúa og fyrirtæki er mikilvægt því í sameiningu myndum við það samfélag sem sveitarfélagið er, því er mikilvægt að vera samstiga og vinna saman. Mín áherslumál eru ábyrgur rekstur, traustir innviðir og stafræn stjórnsýsla en stafræn umbreyting er að taka við af rafrænni stjórnsýslu. Ég vil leggja áherslu á störf án staðsetningar en þannig má efla svæðið og gera atvinnulífið fjölbreyttara. Ég vil vinna af festu í velferðarmálum, skólumálum, íþróttamálum, samgöngumálum og umhverfismálum auk þess sem ég tel mikilvægt að hlúa að málefnum okkar eldri og reyndari.

Sjálf bý ég yfir víðtækri reynslu úr atvinnulífinu. Starfaði tæp 7 ár í Landsbankanum á Selfossi, síðast sem viðskiptastjóri á fyrirtækjarsviði. Áður vann ég á velferðarsviði í Ráðhúsi Árborgar og sá um fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins. Í dag kenni ég námskeiðið Velferð í fjármálum við Fræðslunet Suðurlands ásamt því að sinna öðrum verkefnum tengdum kennslu.

Ég er gift Snorra Sigurðarsyni fasteignasala og saman eignum við þrjú börn, tengdadóttur og eitt barnabarn. Ég hef tekið virkan þátt í sjálfböðavinnu á sviði íþróttar og annarra trúnaðarstarfa í samfélaginu. Ég hef lokið margvíslegri menntun meðal annars iðnmenntun, er vottaður fjármálaráðgjafi, Bsc í viðskiptafræði, kennsluréttindi á meistarastigi og með MBA gráðu frá Háskóla Íslands.

Ég óska eftir þínum stuðningi í 1. sætið 19. mars

Nú styttest í prófkjör Sjálfstæðisflokksins þar sem fjöldi frambærilegs fólks býður fram krafta sína. Fólk á öllum aldri jafnt konur sem karlar, reynsluboltar og nýgræðingar, því vil ég hvetja alla til að taka þátt þann 19. mars næstkomandi og hafa þannig bein áhrif. ■

Styddu fólkið á bakvið fötin þín og stuðlaðu að sjálfbærri tísku



Grace Achieng
framkvæmdastjóri Grace-landic

Vissir þú að það þarf um 2.650 lítra af vatni til að framleiða eina bómullarskyrtu og um 7.500 lítra í einar gallabuxur? Í þessari grein munum við fjalla um að styðja fólkið á bakvið framleiðsluferlið á fatnaðinum okkar og hvers vegna við ættum aðeins að versla við fyrirtæki sem vinna eftir skilyrðum um sjálfbæra tísku.

Ef þú vilt styðja fólkið sem raunverulega framleiðir fötin þín, þá þarftu að velja fatnað frá framleiðendum sem uppfylla skilyrði um sjálfbæra tísku. Skilyrðin eru hönnuð til að stuðla að velferð verkafólks sem kemur að framleiðslunni.

Sjálfbær tíska hjálpar verkafólki með:

Sanngjörn laun

Skilyrðin um sjálfbæra tísku taka skýrt fram að verkafólk þarf að fá sanngjörn laun og eiga að tryggja að ekki sé verið að hlunnfara samfélagshópa sem minna mega sín. Það er því miður staðreynd að fyrirtæki mörg hver leita uppi samfélög sem eiga undir högg að sækja, bjóða fólki störf en greiða laun sem eru undir lágmarkslaunum, þar sem þau vita að fólkið hefur í engin önnur hús að venda. Þannig að með því að velja sjálfbæra tísku ertu að tryggja að verkafólkið sé metið að verðleikum í framleiðslunni. Hin svokallaða hraða tísku byggist á því að framleiða fatnað á sem ódýrastan hátt án þess að taka á nokkurn hátt tillit til mannúðarsjónarmiða. Þetta hefur hvað mest áhrif á konur í þróunarlöndum en

um það bil 80% af þessum fatnaði eru unnin af konum á aldrinum 18-24 ára í fátækum löndum þar sem kvenréttindi eru lítil. Þróunarlöndin henta því vel fyrir fyrirtæki til að framleiða hluti sem ódýrast, þar sem vinnuafli er ódýrt, skattaftirlit lélegt ásamt því að mengunarstöðlum og réttindum verkafólks er illa, ef nokkuð, framfylgt.

Heilbrigðan vinnutíma

Þessi iðnaður sem gengur út á hraða tísku hefur verið gríðarlega árangursríkt viðskiptamódel, en iðnaðurinn veltir um 2,4 trilljón dollurum á ári og gengur út á að framleiða mikið magn af tiskufatnaði með litlum tilkostnaði til að hámarka gróða og ekki nóg með það heldur einnig að ýta undir þörf fólks fyrir ný og fleiri föt. Með því að auka eftirspurn selst meira og krafan um að framleiða hraðar verður meiri og meiri. Það sem oftast gerist, því miður, er að í stað þess að fleira fólk sé ráðið í vinnu velja mörg fyrirtæki að auka enn frekar vinnuálagið á sínu verkafólki til að auka gróðann enn meira. Fyrirtækin sem uppfylla skilyrðin um sjálfbæra tísku þurfa að sjá til þess að ekki sé gengið á rétt verkafólks í sambandi við vinnutíma og vinnuálag.

Enga barnaþrælkun eða nauðungarvinnu

Árið 2018 fundu verkamannasamtök Bandaríkjanna (U.S. Department of Labour) vísbendingar um nauðungarvinnu og barnaþrælkun í tiskuiðnaðinum í Argentínu, Bangladess, Filippseyjum, Tyrklandi, Brasilíu, Kína, Indónesíu, Víetnam og fleiri löndum. Þróunarlönd henta einstaklega vel fyrir svona starfshætti þar sem eftirlit er lítið og lélegt.

Í Asíulöndum hefur einnig verið algengt að fólk sé neytt til að taka börn sín með sér til að vinna í verksmiðjum.

Sjálfbær tíska hefur skýra stefnu gegn barnaþrælkun, svo með því að versla við fyrirtæki sem framfylgja skilyrðunum getur þú verið viss um að framleiðslan á fatnaðinum er ekki kostuð með framtíð barna.

Heilbriggt starfsumhverfi

Í skilyrðunum um sjálfbæra tísku kemur fram að starfsfólk á rétt á sjúkratryggingum, greiddu fæðingarorlofi, öryggisbúnaði við störf og að séð sé til þess að ekki séu notuð eitruð efni, svo sem litarfeni sem algengt er að notuð séu í hraðri tísku. Siðferðisleg ábyrgð og gegnsæi í starfsemi framleiðanda sjálfbærrar tísku kemur fram í vinnutíma, launum samkvæmt kjarasamningum landa og stuðningi við góðan starfsanda.

Áhrif á náttúru og samfélag

Textíll er efstur ásamt áli í útblæstri gróðurhúsalofttegunda á hverja framleiðslueiningu. Tiskuiðnaðurinn er ábyrgur fyrir um það bil 8-10% kolefnislosunar á hverju ári. Stór hluti þessa kolefnisspors er tilkominn vegna mengandi orkugjafa. Tiskuiðnaðurinn er einnig sá næststærsti þegar kemur að vatnsnotkun, með um 79 trilljónir lítra árlega. En það þarf um 2.650 lítra af vatni til að framleiða eina bómullarskyrtu og 7.500 lítra í einar gallabuxur. 20% af iðnaðarmengun vatns eru tilkomin vegna litunar og meðhöndlunar textíls. Sjálfbær tíska byggist á að nota náttúruleg efni sem hafa ekki eitrunaráhrif í umhverfinu, notast við GOTS- og OCS-vottuð framleiðsluferli og uppfylla Sedex-vottun um heilbrigða viðskiptahætti. Þá skal reynt að minnka vatnsnotkun með þróun nýrrar framleiðslutækni með háþrýstingi við litun efna.

Þá minnkum við einnig kolefnissporið okkar með því að velja framleiðendur sem eru nær okkur og þurfa minni flutninga. ■



YFIRVÉLSTJÓRI Á KRISTRÚNU RE-177

Fiskkaup leitar eftir yfirvélstjóra til starfa á netaskipinu Krístrúnu RE-177 sem gerð er út frá Reykjavík. Yfirvélstjóri stjórnar og ber ábyrgð á vélgæslu skipsins.

Helstu verkefni og ábyrgð:

Yfirvélstjóri sinnir og ber ábyrgð á eftirfarandi verkefnum í samvinnu við skipstjóra

og skipaefntirlitsmenn:

Stjórnar og ber ábyrgð á vélgæslu skipsins og sér um óaðfínanlegan rekstur, meðferð og viðhald á búnaði skipsins.

Hefur umsjón með birgðarhaldi og daglegum rekstri vélbúnaðar skipsins.

Ber ábyrgð á verkaskiptingu og starfstílhögun annarra vélstjóra/starfsmanna í vél.

Ber ábyrgð á reglubundnum skoðunum, viðhaldi og eftirliti á búnaði skipsins ásamt skráningu og utanumhaldi.

Ber ábyrgð á öryggismálum í vélarrými.

Yfirvélstjóri skal sinna öðrum þeim störfum sem falla undir verkssvið vélstjóra ásamt öðrum þeim verkum sem skipstjóri felur honum.

Menntunar og hæfniskröfur:

Hefur lokið viðurkenndu námi sem gefur að lágmarki vélstjórnaréttindi VS I.

Lokið öryggisfræðslunámskeiði frá Slysavarnarskóla sjómanna eða öðrum viðurkenndum aðila.

Starfsreynsla sem nýtist í starfið

Kostnaðarvitund og aðhald í rekstri

Geta tekið ákvarðanir skjótt og vel

Gott vald á talaðri og ritaðri íslensku.

Umsóknarfrestur er til 31. mars 2022. Sótt er um starfið með því að senda tölvupóst með Öllum helstu upplýsingum, ásamt ferilskrá, á info@fiskkaup.is.

Nánari upplýsingar um starfið veita skipstjórnarnir Helgi Aage Torfason og Pétur Karl Karlsson í síma 412-1174 eða í tölvupósti, helgi@fiskkaup.is og petur@fiskkaup.is

Krístrún RE er línu- og netaskip sem gerð er út á Grálúðunet yfir allt árið, róið er eftir skiptimannakerfi.

Áfram barist um stærri sneið af kökunni

Á sama tíma og forráðamenn UEFA berjast með kjafti og klóm gegn hugmyndum Alþjóðaknattspyrnusambandsins um fjölgun stórmóta er sambandið sjálft að vinna í hugmyndum um stækkun Evrópumótsins og búið að samþykkja stækkun Meistaradeildarinnar. Möguleiki á auknum tekjum drifur hugmyndirnar áfram.

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Greint var frá því í vikunni að forráðamenn Evrópska knattspyrnusambandsins, UEFA, væru með það til skoðunar að fjölga þátttökupjóðum á Evrópumótinu í knattspyrnu frá og með mótinu árið 2028. Síðast var fjölgað árið 2016 þegar átta þjóðir bættust við þær 16 sem voru fyrir en ef hugmyndir UEFA ná fram að ganga verða 32 þjóðir sem taka þátt í EM hverju sinni. Með því ættu möguleikar Íslands á að komast á EM að verða meiri, en á sama tíma myndi vægi undankeppninnar minnka, enda tæplega sextíu prósent þjóða Evrópu sem komast inn hverju sinni.

Fyrirkomulaginu verður ekki breytt í tæka tíð fyrir næsta Evrópumót og ætti því ekkert að breytast fyrir undankeppnina sem hefst á næsta ári. Samkvæmt heimildum Daily Mail á Englandi eru hæstráðendur innan UEFA búnir að ræða tillöguna við nokkur aðildarsambönd og eru að byrja á hagkvæmnisrannsókn að kanna málið betur. Með því myndi leikjum á mótinu fjölga án þess að það fæli í sér fleiri leiki fyrir hvert og eitt lið. Á sama tíma berst forysta UEFA gegn hugmyndum Alþjóðaknattspyrnusambandsins, FIFA um að fjölga HM á grundvelli og ber fyrir sig að fjölgun leikja komi niður á leikmönnum og félögum.

„Mergur málsins er í grunninn samkeppni um leikdaga. FIFA hefur



Aleksander Ceferin, forseti UEFA og Gianni Infantino, forseti FIFA, hafa báðir reynt að boða breytingar sínum samböndum í hag og skotið niður hugmyndir hvor annars.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY



Pau vita að það er takmarkað svigrúm til stækkunar og það er barátta um að ná því fyrst, rétt eins og hugmyndin um Ofurdeildina á sínum tíma.

Björn Berg Gunnarsson, deildarstjóri hjá Íslandsbanka og höfundur bókarinnar Peningar

gengið mjög hart fram í því að taka stærri hluta dagatalsins. UEFA hefur reynt að standa í lappirnar og tókst meðal annars að kveða niður hugmyndir Gianni Infantino, forseta FIFA, um gríðarlega stóra og breytta Heimsmeistarakeppni félagsliða. Það er takmarkað svigrúm til staðar og þessi tvö sambönd hafa verið í ákveðinni baráttu um plássid fyrir opnum tjöldum,” segir Björn Berg Gunnarsson, deildarstjóri hjá Íslandsbanka, sem hefur fjallað ítarlega um tengsl fjármála og íþróttar, aðspurður hvaðan þessi hugmynd kemur.

„Þetta er ákveðin birtingarmynd togstreitunnar milli FIFA og UEFA.

Þau vita að það er takmarkað svigrúm til stækkunar og það er barátta um að ná því fyrst, rétt eins og hugmyndin um Ofurdeildina á sínum tíma sýndi. Þau vita að þau geta varla bæði náð sínu fram,” segir Björn, aðspurður hvort það séu allir að reyna að ná í stærri sneið af tertunni.

„Að stækka Evrópumótið er ekki jafn veruleg breyting og fjölgun stórmóta eða fjölga leikdögum í mótum en á sama tíma er þetta leið fyrir Evrópska knattspyrnusambandið að stækka sitt svið. Rökin sýna að þetta gæti orðið góð markaðsvara, því bara á síðasta EM voru fjölmargar knattspyrnuþjóðir sem sátu eftir heima. Þegar þjóðir

komast á mótið verður eftirspurn verður strax mun meiri og tekjuöflunin auðveldari. Evrópumótið er ein helsta tekjuöflun UEFA ásamt Meistaradeild Evrópu.“

Með því yrði nánast útilokað að stærri knattspyrnuþjóðir Evrópu myndu sitja eftir, eins og þegar Íslendingar skildu Hollendinga eftir í aðdraganda Evrópumótsins 2016.

„Það er hræðilegt fyrir UEFA þegar stærstu þjóðirnar sitja eftir á stórmótum, rétt eins og það yrði hræðilegt fyrir úrvalsdeildina að sjá stórlíð fara niður. Forráðamenn UEFA vilja eflaust koma í veg fyrir að stærstu þjóðirnar og stærstu markaðarnir sitji eftir,” segir Björn. ■

Sjáumst á fjöllum

SUMARLEYFISFERÐIR FÍ
www.fi.is

Ferðafélag Íslands • Mörkinni 6 • www.fi.is • 568-2533

Þrátt fyrir góðan árangur er framtíð Guðmundar Þórðar enn í óvissu

hoddi@frettabladid.is

HANDBOLTI Ekki er öruggt að Guðmundur Þórður Guðmundsson verði áfram þjálfari karlalandsliðs Íslands í handbolta þrátt fyrir góðan árangur og vilja beggja aðila, þegar samningur hans rennur út. Samningur Guðmundar við HSÍ rennur út í júní en ekkert hefur þokast í viðræðum HSÍ við Guðmund á síðustu vikum. „Við erum að ræða saman, ég vona að þetta hafist. Við höfum rætt saman einu sinni og fórum yfir málin. Við höfum ekki sett okkur nein tíma-mörk, við erum að ræða saman,” segir Guðmundur B. Ólafsson, formaður HSÍ, um stöðu mála.

Samningamál Guðmundar komust í fréttirnar í janúar eftir góðan árangur íslenska landsliðsins á Evrópumótinu í Ungverjalandi og Slóvakíu. Guðmundur er að stýra liðinu í þriðja sinn á ferli sínum. Hann tók fyrst við liðinu árið 2001 og stýrði því í þrjú ár, hann mætti svo aftur til starfa árið 2008. Guðmundur leiddi liðið til silfurverðlauna á Ólympíuleikunum í Peking 2008 og bronsverðlauna á EM tveimur árum síðar.

Guðmundur lét af störfum árið 2012 en tók aftur við árið 2018 og hefur verið að byggja upp nýtt lið



Guðmundur Þórður á hliðarlínunni á Evrópumótinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY



Við vonum að þetta klárast.

Guðmundur B. Ólafsson.

sem líklegt er til afreka á næstu árum.

Á meðan ekki hefur verið skrifað undir neitt er ljóst að sá möguleiki er fyrir hendi að Guðmundur láti af störfum í júní. „Það er engin tímapressa í þessu, við vonum að þetta klárast,” segir Guðmundur B. um stöðu nafna síns. ■

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 10. mars 2022



Iris Apfel og dæmi um hönnun H&M.

100 ára og hannar nýja línu með H&M

thordisg@frettabladid.is

Samstarf H&M við tiskudívuna Iris Apfel lítur dagsins ljós í verslunum vestanhafs 14. apríl og á hm.com.

Iris Apfel er fræg fyrir íburðarmikla hönnun, djarfan fatastíl og litríkar flíkur. Hún heldur því fram að allir og allt geti mótað tiskuna, burtséð frá verði.

Samstarf H&M og Iris Apfel er í tilefni 100 ára afmælis hennar, en Iris fæddist 29. ágúst 1921. Fatalínan er innblásin af fagurfræðilegu næmi Irisar og samanstendur af glæsilegum fatnaði sem hentar öllum sem vilja klæðast gullfallegum klæðum, innblásnum af einstöku tiskunefi Irisar og óhagganlegu sjálfstæði hennar í tisku.

Elskar H&M

„H&M er stórkostlegt og algjör brautryðjandi á sínu sviði – sem ég elska! Ég hef yndi af því að skapa hátískuflíkur á viðráðanlegu verði, sem H&M hefur nú fullkomnað,“ segir Iris Apfel um samstarfið.

Skart og fylgihlutir fylgja að sjálfsgöðu til að fullkomna útlitið, en Iris er þekkt fyrir marglaga flíkur, skartgrip og fylgihluti með þeim úr plöntu- og dýraríkinu, eða dýrgripum frá öðrum heimi.

„Iris er ímynd hins persónulega stíls sem er bæði fagur og íburðarmikill um leið og hann hentar öllum aldri. Hún sýnir hvað tiskan snýst um: að láta ljós sitt skína og sýna hver þú ert eða vilt vera, og til að hafa gaman af. Hún veitir sannan innblástur,“ segir í tilkynningu frá H&M. ■



Goth-settið samanstendur meðal annars af uppáhaldspilsinu hennar, bol frá H&M, korsetti frá Rokk og rómantik og hjartahálsmeni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Svart og rautt í uppáhaldi

Emilía Ósk Strugar er nemandi í fatatækni við Tækniskólann. Námið er bæði gagnlegt og skemmtilegt og ýmsir möguleikar í boði eftir útskrift.

Emilía Ósk sýnir lesendum inn í fataskápinn. **2**

© 2021 Warner Bros. Ent. All Rights Reserved. TM & © DC

THE BATMAN
SJÁÐU MYNDINA Í BÍÓ



Svart velúrsett samanstandur af buxum frá Shein og bol sem Emilía man ekki hvar hún keypti.



Starri Freyr
Jónsson
starri

@frettabladid.is

Flæðigervan (e. gender fluid) Emilía Ósk Strugar er litríkur karakter sem stundar nám í fatatækni við Tækniskólann og hefur um leið fjölbreyttan og skemmtilegan fatastíl sem vekur oft mikla athygli.

Í náminu í fatatækni eru kennd undirstöðuatriðin í saumaskap en útskrifaðir nemendur geta að námi loknu starfað sem fatatæknar eða farið í áframhaldandi nám í fataiðngreinum eða hönnun. „Upphaflega valdi ég fatatækni því það er ekki til nóg af fötum fyrir okkur stærri og hávaxnari konur þarna úti. Við lærum ýmislegt gagnlegt í náminu, til dæmis hef ég lært að sauma mörg spor, sníða, gera uppfærslur og þverskurð, lært handsaum og að hreinsa vélarnar og margt fleira. Mér finnst þetta allt saman vera skemmtilegt en skemmtilegast er þó að sauma flikur. Í framtíðinni vonast ég til þess að geta nýtt námið til að hanna og sauma goth-föt fyrir okkur hávaxnari konurnar og þær sem hafa breiðari mjadmir og eiga erfitt með að finna sér buxur sem þær passa í.“

Byrjaði snemma að skapa

Sköpunarþörfin kviknaði snemma hjá Emilíu sem eyddi löngum stundum með ömmu sinni og saumakassanum hennar sem lítil stelpa og hóf síðar að teikna mikið. „Ég teiknaði mikið af skuggalegum myndum, til dæmis af konum með átta fætur og engin augu eða þá kanínu málaða í blóði. Þegar ég var yngri gaf amma mín mér gamlar tuskur til að sauma saman og ég eyddi löngum tíma með hausinn ofan í saumakassanum hennar. Þessi reynsla átti sinn þátt í því að ég hóf nám seinna í fatatækni.“

Utan þess að sauma og teikna spilar hún tölvuleiki og hlustar á metal- og rokktonlist.

Emilía Ósk sýnir lesendum inn í fataskápin sinn.

Spurt og svarað

Hvernig hefur tiskúahugi þinn þróast undanfarin ár?

Lengi vel átti ég aldrei pening til að kaupa föt sem mér líkaði vel við. Þannig að árin 2017 til 2020 klæddist ég mjög einföldum fötum.

Hvernig fylgist þú helst með tiskunni?

Bara í gegnum samfélagsmiðla **Hvar kaupir þú helst fötin þín?** Ég kaupi flest af mínum fötum í Rauða krossinum eða Killstar.

Hvaða litir eru í uppáhaldi?

Það eru augljóslega svartur og rauður, eins og sést vel á myndunum hér.

Áttu minningar um gömul tiskuslys?



Emilía notaði rakvélablöß til að taka buxurnar í gegn. System of a Down bolurinn var keyptur á fatamarkaði og langermabolinn saumaði hún sjálf.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI



Þrjár flikur sem Emilía Ósk saumaði sjálf.

Einu sinni tókst mér að klæðast dókkgrænni peysu við neon-rauðar buxur. Ég leit út eins og jólatré í þessari samsetningu.

Hvaða flikur hefur þú átt lengst og notar enn þá?

Það er kjóll frá Killstar sem ég keypti fyrir löngu síðan en nota enn þá reglulega.

Áttu uppáhaldsverslanir?

Uppáhaldsfataverslanir mínar eru Killstar og Rauði krossinn.

Áttu eina uppáhaldsflik?

Það er rauða og svarta pilsíð sem ég klæðist á einni myndinni hér.

Bestu og verstu fatakaupin?

Allar flikur sem ég á eru svo sem bestar. Hins vegar á ég einn jakka sem ég sé alltaf eftir að hafa keypt. Hann er frá Dolls Kill en það fatamerki er mjög umdeilt.

Notar þú fylgihluti?

Ég nota mikið af fylgihlutum, til dæmis hálsfestar, spennur og slaufur.

Eyðir þú miklum peningum í föt miðað við jafnaldra þína?

Já, ég mundi segja það. Ég á nóg af fötum fyrir fjórar manneskjur. ■



YEST/YESTA Kjöll með polo kraga
Stærðir 38-52
Verð 10.980 kr

QUE pífukjöll
Stærðir 38-52
Verð 34.980 kr

ES&SY Pania kjöll
Stærðir 36-46
Verð 7.980 kr

ES&SY Talin kjöll
Stærðir 36-46
Verð 8.980 kr

ES&SY Roma tunika
Fæst líka í svörtu
Stærðir 36-46
Verð 7.980 kr

yesta

yest

no secret

Q'neel

ROBELL

ZHENZI

ZEZE
Nordic

OPHILIA



YEST/YESTA „Kósý dragt“
Fæst líka í bláu. Stærðir 40-52
Buxur Verð 12.980 kr Jakki Verð 12.980 kr

YESTA Laela ermalaus skyrtta
Stærðir 44-56
Verð 7.980 kr

YEST Owena skyrtta
Stærðir 36-48
Verð 9.980 kr

SUNDAY kvartermabolur
Stærðir 38-50
Verð 9.980 kr

Yest Akelei opin hettupeysa
Stærðir 42-46
Verð 9.980 kr

SYBEL+

FRANSEN

festival
DENMARK

STUDIO

tamaris

GOZZIP®

Handberg

SANDGAARD

LASESSOR

Jana®



ZHENZI Kurs síður hlýrabolur
Fæst líka í lavender og hvítu
Stærðir 42-58
Verð 4.990 kr

ZHENZI Susa mynstraðar leggings
Fást líka í bleiku og brúnu
Stærðir 42-56
Verð 4.990 kr

ZHENZI Twist kvartbuxur
Fást í fleiri litum
Stærðir 42-58
Verð 6.990 kr

ZHENZI Twist hnébuxur með vösom
Fást í fleiri litum
Stærðir 42-52
Verð 6.990 kr

LOI - hliðartaska með hólfum
Stærð 27x26x8 cm
Verð 6.990

Verzlunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Tískuhönnuðir Úkraínu berjast í bökkum



Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr
@frettabladid.is

Stríðið í Úkraínu hefur truflað daglegt líf Úkraínumanna og skapað mjög erfiðar aðstæður fyrir fyrirtækjarekstur. Þetta ástand hefur vitanlega bitnað á tiskuiðnaði landsins eins og öllu öðru og fólkið sem vann í honum er að berjast í bökkum, eða jafnvel í skotgröfum.

Tísku- og lífsstílsvefurinn The Cut fór nýlega yfir ástandið í úkraínska tískuheiminum og ræddi við nokkra þarlanda tískuhönnuði til að kanna hvernig stríðið hefur umturnað lífi þeirra.

Tískuhönnuðurinn Ívan Frolov rekur tískumerki og er með 35 starfsmenn, en ákvað að stöðva alla framleiðslu þegar fyrstu rússnesku sprengjurnar féllu á heimaland hans þann 24. febrúar. Hann og fjölskylda hans flúðu til vesturhluta Úkraínu en starfsfólk hans er um allt land og stór hluti þeirra er í Kænugarði. Það er nú í sjálfboðastörfum sem tengjast stríðinu, kynningarfulltrúarnir eru til dæmis að berjast gegn upplýsingaóreiðu og aðrir eru að taka á móti flóttamönnum og fyrirtækið reynir að styðja alla starfsmenn fjárhagslega þrátt fyrir að starfsemin hafi stöðvast.

Sumir reyna að halda áfram

Hönnuðirnir Kate Súbarieva og Asíja Varetza, sem stofnuðu fyrirtækið Sleeper, Katija Tímosjenko, sem stofnaði Katimo, og hönnuðurinn Anna October hafa starfsstöðvar í Kænugarði. Fyrstu dagana eftir innrásina voru þær að reyna að tryggja öryggi starfsmanna sinna en svo fór starfsfólkið að styðja varnir landsins á ýmsan hátt.

Sumir hönnuðir eru að reyna að halda fyrirtækjum sínum og starfsfólki lifandi utan Úkraínu. Sleeper er með 120 starfsmenn og meirihlutinn er ungar konur. Fyrirtækið vildi flytja starfsfólkið til Portúgal eða Ístanbúl og halda áfram starfsemi þadan, en mikið af starfsfólkinu kaus að vera áfram í Kænugarði og hluti þess gekk í herinn. Fyrirtækið er enn að borga starfsfólki sínu laun, en getur ekkert sagt um hve lengi það gengur.

Stríðið er í forgangi

Í Úkraínu eru um 6.000 textilverksmiðjur og þar starfa allt að 220 þúsund Úkraínnumenn. Um 90 prósent af fötunum sem eru framleidd eru flutt úr landi. Ívan Frolov segir að tiskuiðnaður landsins



Innrás Rússa í Úkraínu hefur meðal annars bitnað á tiskubrönsnum þar í landi og fólk sem áður framleiddi fót er nú farið að berjast eða reyna að styðja samlanda sína í gegnum hremmingarnar. Myndin er tekin á tiskusýningu í Kænugarði í fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY



Úkraínnumenn eru þekktir fyrir fallegan og vandaðan útsaum.



Í Úkraínu er mikill textiliðnaður, en þar eru um 6.000 textilverksmiðjur þar sem allt að 220 þúsund Úkraínnumenn starfa.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

hafi mikil áhrif á viðhorf fólks til Úkraínu og að með því að vinna sínu vinnu sé starfsfólk í tiskuiðnaði að byggja brýr til annarra landa og sýna sköpunargleði og menningu sína.

Katija Tímosjenko er með verslun, framleiðslustúdíó og kaffihús í elsta hluta Kænugarðs. Hún er með 31 starfsmann í vinnu og hluti þeirra hefur flúið, en aðrir ekki. Hún hefur stöðvað alla framleiðslu og allar tekjur sem fást af netsölu renna nú til úkraínska hersins. Peningarnir sem venjulega fara í að reka kaffihúsið fara nú til félagsamtaka sem eru að koma mat og lyfjum til Úkraínnumanna. Hún segir að fyrirtækið hafi nægt fé til að halda áfram í einhvern tíma, en að það sé ekki forgangsatríði að halda rekstrinum gangandi, heldur að enda stríðið eins fljótt og hægt er. Að því loknu verður hægt að bæta upp tapið, segir Tímosjenko.

Sumir ætla að halda áfram

Anna October flúði frá Kænugarði til Rúmeníu og allir 12 starfsmenn hennar eru komnir í öruggt skjól. Hún segir að hún og starfsmenn hennar séu að vinna að ýmsum mannúðarmálum en að hún sé líka að reyna að halda fyrirtæki sínu gangandi. Fyrirtækið sérhæfir sig í kvenfatnaði sem er framleiddur á ábyrgan hátt og nýttir hefðbundnar þrjónaaðferðir og útsaumstækni og þess vegna eru margar eldri konur að vinna handavinnuna fyrir fyrirtækið.

Nýjasta lína hennar var sýnd á tiskuvíkunni í París fyrir bara nokkrum vikum og hún er komin í samband við framleiðendur í Litáen og Rúmeníu svo hún getur tekið á móti pöntunum frá heildsölum og ætlar að afgreiða allar pantanir fyrir haustið. Ætlunin er að framleiða flíkurnar erlendis en greiða skatt af sölu þeirra til Úkraínu til að styðja her landsins.

Þessir hönnuðir leggja áherslu á að pólitík landsins sé nátengd tiskuiðnaðinum og í sumum tilvikum væri hann ekki til staðar án hennar.

Ágöðinn af netsölu rennur líka til hersins.

Tískuheimurinn nýtti frelsið Þessir hönnuðir leggja áherslu á að pólitík landsins sé nátengd tiskuiðnaðinum og í sumum tilvikum væri hann ekki til staðar án hennar.

Landið er þekkt fyrir vandaðan útsaum og á tímum Sovétríkjanna var Úkraína miðpunktur textilframleiðslu fyrir öll Sovétríkin, en iðnaðurinn hvarf næstum þegar Sovétríkin liðuðust í sundur. En þökk sé fríverslunarsamningi við Evrópusambandið og innkomu stórfyrirtækja eins og Zara, Adidas og Hugo Boss á markaðinn náði hann að rétta sig af og byrja að stækka.

Frelsið frá Sovétríkjunum var mjög mikilvægt, því hefðbundinn tiskuiðnaður átti litla sem enga samleið með hugmyndafræði Sovétríkjanna. Kynslóðin sem óx úr grasi eftir fall Sovétríkjanna hefur því að miklu leyti hafnað hugmyndafræði fyrri kynslóða og nýtt sér þetta nýfengna frelsi til að skapa ögrandi fatnað sem er algjör andstæða íhaldsseminnar sem áður ræð ríkjum. ■

MARINE COLLAGEN

Kollagen er eitt helsta uppbyggingarpróteín líkamans. Kollagen er að finna í öllum liðum, liðamótum, vöðvum, sinum og beinum mannlíkamans.



Arctic Star

Arctic Star Marine Collagen inniheldur íslensk sæbjúgu, kollagen úr þorskroði og C vítamíni.

C vítamín er þekkt fyrir:

- Stuðlar að eðlilegri myndun kollagens fyrir starfsemi brjósks, beina og húðar.
- Stuðlar að eðlilegri starfsemi tauga-kerfisins og ónæmiskerfisins.
- Stuðlar að því að verja frumur fyrir oxunarálagi og draga úr þreytu og lúa.
- Stuðlar að endurnýjun afoxaðs forms E-vítamíns og auka upptöku járnns.
- Stuðlar að eðlilegum orkugæfum efnaskiptum.

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA,

Framleiðandi er Arctic Star ehf.

Allar nánari upplýsingar fast á

www.arcticstar.is

Arctic Star Marine Collagen

Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum,

Hagkaupum, Fjarðakaup og Heimkaup.is



info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumáli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618

ChitoCare beauty er íslensk húðvörulína sem sérhæfir sig í lífvirkum húðvörum með mikla virkni. Nýverið lauk klínískri rannsókn þar sem magnaðar niðurstöður sönnuðu undraverða virkni ChitoCare beauty húðvaranna.

Að sögn Sigríðar Vigfúsdóttur, stofnanda og framkvæmdastjóra ChitoCare beauty, byggja húðvörurnar á einkaleyfisvarinni tækni sem þróuð var fyrir ChitoCare medical sáravörurnar, sem græðir húð og endurnýjar húðvef.

Hár, húð og neglur

„ChitoCare Beauty Hair, Skin & Nails er byltingarkennd lífvirk formúla, auðug af náttúrulegum næringarefnum sem gegna mikilvægu hlutverki í að viðhalda heilbrigði hárs, húðar og nagla. Þessi íslenska formúla er einkaréttarvarin og inniheldur meðal annars týpu II af kollageni, lífvirkar trefjar og íslenskan kísil frá GeoSilica ásamt ýmsum viðbættum vítamínum og steinefnum,“ segir Sigríður og bætir við: „Kollagen týpa II complex inniheldur mikilvæg byggingarefni sem veita raka og skipta sköpum fyrir endurnýjun húðarinnar. Íslenskur kísill styrkir húð, hár og neglur. Steinefnaríkir kalkþörungar og einstakar trefjar úr hafinu við Íslandsstrendur fullkomna svo þessa einstöku formúlu.“

Viðbætt C-vítamín, sink og selen hafa andoxandi eiginleika og stuðla að því að verja frumur fyrir oxunarálagi. Einnig stuðlar C-vítamín að eðlilegri myndun kollagens fyrir eðlilega starfsemi húðar, beina, brjósks, góma, tanna, og fyrir eðlilega æðastarfsemi.“

Undraverðar niðurstöður

Á dögnum lauk klínískri rannsókn á íslensku kollagenvörinni ChitoCare beauty Hair, Skin & Nails. „Rannsóknin var unnin af leiðandi evrópskri húðrannsóknarstofu sem sérhæfir sig í óháðum rannsóknum á húðinni. Niðurstöðurnar eru hreint út magnaðar og leiddi rannsóknin í ljós að tólf vikna meðferð með ChitoCare beauty Hair, Skin & Nails, sem er íslenskt bætiefni sem tekið er inn í hylkjaformi, gerir húðina sléttari, rakari og þéttari. En réttur húðraki er einmitt einn af lykilkáttunum í að koma í veg fyrir ótimabæra húðöldrun,“ segir Sigríður.



Byltingarkenndar íslenskar húðvörur frá ChitoCare beauty

Húðumhirðan byrjar innan frá ChitoCare beauty Hair, Skin & Nails hefur verið virkilega vel tekið af neytendum síðan það kom á markað og það var tilnefnt til Pure Beauty Global Awards sem besta fæðubótarefnið fyrir húð. „Við þróuðum þessa vöru með þá hugsjón að góð húðumhirða byrji innan frá

með réttri næringu. Þessi rannsókn staðfestir að við erum á réttri leið í þeirri hugsjón. Þetta eru undraverðar niðurstöður sem við erum stolt af,“ segir Sigríður Vigfúsdóttir.

Áhrif Anti-Aging Repair Serum á sex vikum

Niðurstöðurnar úr rannsóknum

Þessi rannsókn staðfestir að við erum á réttri leið í þeirri hugsjón. Þetta eru undraverðar niðurstöður sem við erum stolt af.

á ChitoCare Hair, Skin & Nails eru ekki einu jákvæðu niðurstöðurnar sem ChitoCare beauty hefur úr rannsóknum. „Sama húðrannsóknarstofa vann rannsókn á ChitoCare beauty Anti-Aging Repair Serum. Í ljós kom að meðferð með ChitoCare beauty Anti-Aging Repair Serum hefur marktæk áhrif á sex vikum á húðina.“

Áhrif Anti-Aging Repair Serum á húðina

- Húðraki eykst
- Þéttleiki húðar eykst
- Teygjanleiki húðar eykst
- Grófleiki húðarinnar minnkar verulega
- Minnkun á finum húðlínunum
- Minnkun á djúpum hrukkum



Sigríður Vigfúsdóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri ChitoCare beauty.

MYND/ADSEND


Sanna mikla virkni

„Við leggjum mikið upp úr því að sýna og sanna að vörurnar sem við þróum og framleiðum séu með mikla virkni. Við höfum gert klínískar rannsóknir á húðvörunum okkar og höfum fengið mjög góðar niðurstöður í virkni vara eins og ChitoCare Medical fyrir sár og ör.“

Þá tækni sem við þróuðum fyrir sáravörurnar, til að græða og endurnýja húðina, höfum við nýtt okkur til þess að búa til vörur eins og ChitoCare beauty Anti-Aging Repair Serum. Klínískar rannsóknir sýna fram á að Anti-Aging Repair Serum minnki djúpar hrukkur og finar línur.

Það er því virkilega gaman að geta kynnt þessar niðurstöður fyrir Hair, Skin & Nails kollagenvöruna okkar.“ ■

ChitoCare beauty húðvörurnar eru fáanlegar í apótekum um allt land, í verslunum Hagkaupa og í hinum ýmsu sérvöruslunum þar sem seldar eru hágæða húðvörur. Nánar upplýsingar á chitocare.is



Fyrir



Eftir

Hér má sjá myndir sem teknar eru með svokallaðri DERMOSCOPE húðrannsóknarmyndavél og sjást sýnilega áhrif Hair, skin & nails meðferðarinnar greinilega.



ChitoCare Beauty Hair, Skin & Nails inniheldur týpu II af kollageni, lífvirkar trefjar og íslenskan kísil frá GeoSilica.



ChitoCare beauty Anti-Aging Repair Serum hefur marktæk áhrif á sex vikum á húðina. Húðraki, þéttleiki og teygjanleiki eykst og finar línur minnka.



Gucci klæðir herrana í liti ekkert síður en dómurnar á tiskuviku í Milánó.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Ofurfyrirsætan Naomi Campbell gengur hér um í bleikri drakt frá Versace á tiskuviku í Milánó þar sem vor- og sumartiskan var kynnt. Takið eftir lituNUM á fatnaðinum á sýningunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Allir litir regnbogans inn í sumarið

Þeir sem eru ófeimnir við liti geta hlakkað til sumarsins. Sterkir og bjartir litir eiga eftir að setja sinn svip á klæðaburðinn. Gulur, rauður, grænn og blár, allir litir regnbogans munu sjást í verslunum þegar sólin hækkar á lofti.

elin@frettabladid.is

-blár. Þar fyrir utan má raða þessum litum saman eins og hver og einn óskar sér. Ekkert verður bannað og þeir sem skrifa um nýjustu tísku í erlendum tímaritum tala um syngjandi blús með dúndrandi litbrigðum.

Konungablár er einn af þeim litum sem verða áberandi í sumar og sömuleiðis salviugrænn, að ógleymdum bleikum litum. Fylgihlutir verða einnig í björtum, sterkum litum, jafnt skór sem töskur.

Vorið er spennandi tími í tiskuheiminum. Eftir langan og erfiðan vetur verður nú hægt að setja gleði-

lega liti inn í komandi tíð. Fólk er farið að sjá fyrir endalok Covid þótt önnur ógn hafi vissulega risið upp.

Þegar fylgst er með áhrifavöldum sem kappkosta við að mæta á tiskuviku, jafnt í París, Milánó eða New York, má sjá að þeir eru þegar farnir að klæðast sumarlitunum. Ekki verður annað sagt en að það lýsi upp umhverfið.

Gucci, Maison Valentino, Dior, Alexander McQueen, Versace, Michael Kors, Stella McCartney, Armani, Louis Vuitton, Fendi og ótal margir aðrir hönnuðir fylgja okkur inn í sumarið í björtum og fallægum litum. ■



Bleikt þema á tiskusýningu Valentino 6. mars. Þar var allt bleikt sem átti að vísa til krafts fólks gegn ógnum heimsins.



Stella McCartney syndi þennan græna samfesting á tiskuviku í París fyrir vor og sumar 2022.

Samkvæmt helstu tiskuhönnuðum er allt leyfilegt þegar kemur að litum í sumar. Sítrónu- og límónugulir og grænir verða mjög vinsælir, appelsínugulur, skærgrænn og -blár.



Norskir áhrifavaldar mættu á tiskuviku í París fyrir nokkrum dögum og klæddu sig upp í liti sumarsins. Þetta eru þær Janka Polliana til vinstri með græna tösku, Marianne Theodorsen í grænni kápu og með veski frá Louis Vuitton og Annabel Rosendahl í miðri með appelsínugult veski frá Chanel.



Gul kápa frá Gucci og blá taska í stíl. Áhrifavaldurinn Katie Giordadze mætir á tiskusýningu hjá Gucci.

GÓLFEFNAÞEMA

Vegleg umfjöllun um gólfefni verður í Fréttablaðinu 15. mars.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



Nánari upplýsingar um blaðið veitir

Jón Ívar Vilhelmsson, markaðsfulltrúi

Sími 550 5654 / jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Hafðu AKU með í valinu



AKU skórnir eru framleiddir á Ítalíu úr 100% evrópskum íhlutum og efnum

AKU Superalp GTX

42.990 kr.

Aukin mýkt við ökkla



Gore-Tex filma, 100% vatnsvörn

2mm gúmmíborði (grjótvörn) sem hentar vel í íslensku hraunlendi

Dempun

IMS: Kerfi sem gefur auka mýkt niður í sólann

AKU Exoskeleton, innan- og utanfótarstuðningur

Mýkra leður til að minnka spennu og auka þægindi

Reimalæsing, sitthvor stillingin fyrir rist og ökkla

Rúllukefli til að halda jafnri spennu á reimum

2,6mm ekta ítalskt Nubuck leður

Custom fit innlegg

Vibram sóli

GG SPORT

Stingum af ...



Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af góðum skóm og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!



@ggsport.is



@gg_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30 - 18, Laugardaga 11-15

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

KRÓKUR

PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bílauppbod.is er uppbodsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppbod - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is



Ford Transit Custom stuttur 2017 eknir milli 80 og 90 þús km. Eignum nokkra útlitsgallaða bíla á lágu verði á aðeins 2.490.000 án vsk.

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Þjónusta

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Bókhald

FRAMTALSADSTOÐ - BÓKHALDSPJÓNUSTA

Bjóðum einstaklingum framtalsaðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma
8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is

Málarar

REGNBOGALITIR EHF

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

RÚNAR MÚRARI EHF
S 774-3800
HÚSAVIÐGERÐIR
MÚRVIÐGERÐIR
STEYPUVIÐGERÐIR
ENDURHRAUNA
TRÖPPUVIÐGERÐIR
MÁLNINGARVINNA
ÞAKMÁLUN
FLÍSALAGNIR
o.m.fl.
40 ára reynsla í utanhússviðhaldi
Tilboð þér að kostnaðarlausu
<https://runarmurari.is/>
runarmurari@gmail.com
VSK 133377

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskripti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Dyrasímakerfi 777 4944 Rafeindameistarinn. Viðgerðir og Endurnýjun

Keypt & Selt

Til sölu

Mobility.is
Hjól og hjálpertæki, sala og leiga

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is
Kassagítarar á tilboði
Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

Atvinna

Atvinna í boði

Stýrimann vantar á Jóhönnu Á.R.206 á sæbjuðnaði. Uppl. veitir Jón í síma 841-0863.

HVALFJARÐAR SVEIT



Melahverfi III – nýtt deiliskipulag, lýsing

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti á 345. fundi sínum þann 8. febrúar sl. að auglýsa lýsingu að deiliskipulagi vegna Melahverfis III samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 ásamt því að leita umsagnar um lýsingu hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana almenningi.

Um er að ræða deiliskipulagslýsingu fyrir nýja íbúðabyggð, um 7 hektara svæði staðsett austan við núverandi byggð í Melahverfi og er fyrirhuguð landnotkun svæðisins í samræmi við stefnumörkun fyrir þéttbýli í endurskoðuðu Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020 til 2032 sem er í vinnslu.

Deiliskipulagslýsingin liggur frammi til sýnis á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar, Innrimel 3, Melahverfi og er jafnframt aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins www.hvalfjardarsveit.is.

Athugasemdum og ábendingum skal skilað til skrifstofu Hvalfjarðarsveitar að Innrimel 3, 301 Akranes, eða á netfangið skipulag@hvalfjardarsveit.is merkt "Melahverfi III" fyrir 26. mars 2022.

Parftu að ráða?


ráðum ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Bílsætavíðgerðir-, mótörhjóla og snjósleðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

Formbólstrun

Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

EYJALIND

Sæti og varahlutir í

- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Bata



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjaland.is

Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

gott cbd.is
CBD 6.6%, CBD 24%, CBD 12%

Geymsluskúrar / gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bástal á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is


viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
íshúsið
S: 566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

FRAMTÍÐIN Í ORKU. DRYKKJUM

SYKURLAUS
6 NAUÐSYNLEG VÍTAMÍN
100% VEGAN
114 MG KOFFÍN



Merkisatburðir

- 1934** Dregið í Happdrætti Háskóla Íslands í fyrsta sinn.
- 1941** Togarinn Reykjaborg skotinn í kaf af þýskum kaþbáti norður af Skotlandi. Tveir bjargast en þrettán farast.
- 1944** Flugfélagið Loftleiðir stofnað.
- 1967** Stórbruni verður á horni Vonarstrætis og Lækjargötu í Reykjavík og brenna þrjú hús til grunna.
- 1988** Sálín hans Jóns míns heldur sína fyrstu tónleika í Blókkjallaranum við Lækjargötu.
- 1991** Davíð Oddsson er kjörinn formaður Sjálfstæðisflokksins.
- 2009** Eva Joly verður sérlegur ráðgjafi ríkisstjórnar Íslands.

Hagsmunasamtök kvenna í knattspyrnu endurvakin úr dvala

Anna Þorsteinsdóttir er nýr forseti Hagsmunasamtaka knattspyrnukvenna en samtökin hafa legið í dvala í töluverðan tíma. Mikið fjölmenni var á stofnfundinum og félagar telja hartnær fjögur hundruð konur sem snúa bókum saman og berjast fyrir jafnrétti í knattspyrnu.

benediktboas@frettabladid.is

Hagsmunasamtök knattspyrnukvenna voru fyrst stofnuð árið 1990 í kjölfar þess að kvennalandslið Íslands var lagt niður. Ákveðið var að endurvekja samtökin fremur en að stofna ný, en öllum þeim aðilum sem er umhugað um jafnrétti í knattspyrnu er velkomið að skrá sig.

Anna Þorsteinsdóttir var kjörin forseti samtakanna, Ingunn Haraldsdóttir, Katrín Ómarsdóttir, Auður Sólrún Ólafsdóttir og Lára Hafliðadóttir meðstjórnendur og í varastjórn voru kjörnar þær Rákel Logadóttir, Ragna Björg Einarsdóttir og Lilja Valþórsdóttir.

Hagsmunasamtök knattspyrnukvenna eru samtök sem hafa það að markmiði að auka samstöðu, sýnileika, jafnrétti og virðingu kvenna innan íþróttarinnar. Samtökin eru hugsuð sem sameiningarfl í jafnréttisbaráttunni, jafnt innan knattspyrnuliðanna, sem og hreyfingarinnar.

Samtökin hafa legið í dvala en voru endurvakin undir lok febrúar með breyttu fyrirkomulagi en með sama grunnbaráttumála: Að bæta hag knattspyrnukvenna á Íslandi og auka jafnrétti.

„Við ákváðum að nú væri tækifæri til að standa saman um öll þessi mál sem oft eru þess eðlis að það þarf að minna á að þau séu ekki eðlileg. Allt frá bikaramálum og skemmtiatriðum til umfjallana og fleira,“ segir Anna.

Hún segir að samanburðurinn við stráka blasi við beint fyrir framan nefið á öllum þeim sem vilja sjá, en töluvert hefur verið fjallað um minni bikara á stelpumótum, að frægt tónlistarfólk setji strákamót en stelpurnar þurfi að sjá um sín atriði sjálf og mótshaldarar borga frekar Stöð2 sport fyrir umfjöllun um strákamót en stelpumótin sitji á hakanum.

„Krakkarnir taka alveg eftir þessu,“



Stjórnin samankomin í lðno eftir stofnfund. Anna er fyrir miðju en með henni eru þær Ingunn Haraldsdóttir, Katrín Ómarsdóttir, Auður Sólrún Ólafsdóttir, Lára Hafliðadóttir, Lilja Valþórsdóttir og Ragna Björg Einarsdóttir.



Við erum áhyggjufullar yfir að við séum að staðna miðað við það sem er að gerast í Evrópu.

Anna Þorsteinsdóttir

segir Anna og bætir við að viljinn til að gera betur sé mikill innan samtakanna. „Þetta er stórt verkefni. Stærra en þessi hópur sem fór að tala saman í janúar um að endurvekja samtökin gerði sér grein fyrir.“

Þú heldur alltaf að þú sért ein í eigin hugsunum en svo kom bara í ljós að

það eru fleiri að hugsa eins. Næsta verkefni er að stjórnin þarf að setjast niður, ákveða forgangs röðun og hvernig við ætlum að taka á þessum fjölbreyttu málum sem eru að dúkka upp,“ segir hún.

Stutt er síðan stjórnendur Reykjavíkurmótsins mættu ekki til að afhenda kvennaliði Þróttar bikar fyrir sigur sinn í mótinu. „Við vitum að þetta voru mannleg mistök. En ég sagði og benti á að þetta hefði aldrei gerst karlamegin. Þetta þurfum við að laga. Við þurfum að koma okkur á þann stað að það þurfi að hugsa út í konurnar og að það gerist sjálfvirk.“

Við erum áhyggjufullar yfir að við séum að staðna miðað við það sem er að gerast í Evrópu. Kannski hefðum við átt að gera eitthvað fyrr, en við erum að gera þetta núna og það eru allir tilbúnir að taka þátt í þessu með okkur. Ég finn ótrúlegan meðbyr,“ segir forsetinn. ■



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðný Guðjónsdóttir
Mokka-Kaffi,

andaðist á Grund mánudaginn 7. mars. Útförin fer fram í Landakotskirkju mánudaginn 14. mars kl. 13.00.

Oddný Guðmundsdóttir
Sesselja Guðmundsdóttir
Örn Guðmundarson
Stefán Arnar, Guðný, Hildur, Hugufrún og Kári Steinn

Gunnar R. Kristinsson
Hannes Sigurðsson
Elie Bouchard
Stefán Arnar, Guðný, Hildur, Hugufrún og Kári Steinn



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ásta Salvör Þórðardóttir

Þverbrekku 4, Kópavogi, er látn.

Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Ragnar Oddsson
Sigríður Elsa Oddsdóttir

Hanna Pálmey Gunnarsdóttir
Guðmundur Snorrason
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Snjólaug Björg Kristjánsdóttir

Boðabíngi 3,

lést á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu Boðabíngi miðvikudaginn 2. mars. Útförin fer fram frá Lindakirkju mánudaginn 14. mars kl. 13.

Kristján Kaj Garðarsson
Anna Jónína Kristjánsdóttir
Friðrik Kristjánsósson
Kristín Ragnarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Hannes Steingrímsson

Viðilundi 24,

lést fimmtudaginn 3. mars á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Jarðarförin auglýst síðar.

Svavar Hannesson
Steingrímur Hannesson

Erla Elisabet Sigurðardóttir
afa- og langafabörn.



Okkar ástkæra

Æsa Guðbjörg Guðmundsdóttir

frá Egilsstöðum í Flóa,

lést á Ljósheimum Selfossi fimmtudaginn 3. mars. Útförin fer fram frá Selfoskirkju þriðjudaginn 15. mars kl. 13.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Kristín Gunnarsdóttir



Siggeir Ingólfsson

frá Efra-Seli, Stokkseyrarhreppi,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi, 4. mars. Útförin mun fara fram frá Eyrarbakka kirkju föstudaginn 11. mars kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Kvenfélag Eyrarbakka.

Hlekk á streymi er hægt að nálgast á mbl.is/andlat. Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug. Sérstakar þakkir til starfsfólks lyflækningadeildar Sjúkrahúss Akraness fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

Fyrir hönd aðstandenda,
Sigurlaug Siggeirsdóttir
Gyða Steina Þorsteinsdóttir



Ástkær móðir, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma og langamma okkar,

Sigurlína Jóhannsdóttir

lést á Droplaugarstöðum 22. febrúar. Útförin fer fram frá Hvítasunnukirkjunni Filadelfíu, Hátúni 2, Reykjavík, föstudaginn 11. mars klukkan 10.00.

Streymt verður frá útförinni: <https://jwp.io/s/bkwpK1ad> Kærar þakkir til Droplaugarstaða og Foldabæjar fyrir hlýja og góða umönnun.

Guðný Einarsdóttir
Guðrún Margrét Einarsdóttir
Guðni Einarsson
Sigurmundur Gisli Einarsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Robert Pearson
Guðfinna Helgadóttir
Unnur Ólafsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Svavar Berg Pálsson

fyrrum kortagerðar- og landmælingamaður,

lést 4. mars á Landspítalanum. Útförin fer fram frá Langholtskirkju fimmtudaginn 17. mars kl. 13.

Kolbrún Arngrímsdóttir
Lovisa Sigrún Svavarsdóttir
Bjarni Svavarsósson
Silja Svavarsdóttir
Sif Svavarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Anton Antonsson
Herdís Wöhler
Arnar Halldórsósson
Björgvin Brynjólfsson



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Ragnar Kristinn Hjaltason

Vesturgötu 17, Ólafsfirði,

lést þriðjudaginn 1. mars. Útför hans fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju laugardaginn 12. mars kl. 13.

Rósa Halldórsdóttir
Ásta Björk Ragnarsdóttir
Helgi Ragnarson
afa- og langafabörn.

Guðmundur Guðnason
afa- og langafabörn.

Miklu meira en bara ódýrt



VI Air 12V loftdælur í miklu úrvali



Hjólafesting á bíl frá 3.995



Viðgerðarkollur 9.995



9.995



9.995



frá 795
Mikið úrval af verkfæratöskum



Steðjar í miklu úrvali



Vise Multi angle 6.985



44.995
Vélagálgí 2T



Jeppatjakkur 2.25T 19.999



Viðgerðarbretti 9.995



Hjólattjakkur 2T m/tösku 4.795



7.995
1/2 Toppasett



3.995
1/4 Toppasett



Snjóskóflur



Vélastandur 500kg 14.985



AirBrush loftdæla 19.995



14.995
1/2+1/4 Toppasett Kraftmann 94stk



5.995
Verkfærasett 108 stk



4.995
Skrall-lyklar 8-17



6T Búkkar 605mm Par 9.999



frá 1.495
Startkaplar



4.995
Hleðslutæki 12V 6A

Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla



15.995
Ranamyndavél



Bón og bílavörur í miklu úrvali



Verðmæta-skápar frá 4.995



2xLED kastari á standi 9.999



Lyklabox í miklu úrvali



4.995
Verkfærasett



2.985
Barnaverkfærasett



Límbyssur frá 995



Vasaljós og lugtir, yfir 30 gerðir



13.995
Fílasög 80mm

Stigar og tröppur í úrvali



Fjölsög Höfttech 5.999



Rafmagnsvirtaliur í miklu úrvali



Útskurðarsett



24.995
Súluborvél 350W



9.999
Silverline LI-ion 18V hleðsluborvél 13 mm



19.995
Metabo KS216 bútsög



SDS Lofthöggvél GMC SDS vélar frá 9.999,-

Myndlistavörur í miklu úrvali inn á:



Listverslun.is



Verkfæralagerinn


Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is

Nýjar og spennandi bækur


Þú finnur eitthvað fyrir alla hjá okkur!



Við skulum ekki vaka
3.299 kr. VERÐ ÁÐUR 3.999 KR.




Mátturinn í núinu - Hugrenningar
3.459 kr. VERÐ ÁÐUR 4.199 KR.



Vargar í véum
3.599 kr. VERÐ ÁÐUR 4.399 KR.




Í skjóli nætur
2.999 kr. VERÐ ÁÐUR 3.699 KR.




Bara móðir
3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.



Umskiptingur
3.999 kr. VERÐ ÁÐUR 4.849 KR.



Föli skúrkurinn
3.799 kr. VERÐ ÁÐUR 4.599 KR.



Rauði þráðurinn
5.899 kr. VERÐ ÁÐUR 7.199 KR.



Drag plóg þinn yfir bein hinna dauðu
3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 4.439 KR.

www.penninn.is
s: 540-2000



Frí heimsending*
ef pantað er fyrir 10.000 kr.
eða meira á vefnum okkar
*á ekki við um húsgögn og fyrirtækjapjónustu

PENNINN

Eymundsson



Horft yfir Héðinsfjörð frá Píluskálahnjúki. Frosið Héðinsfjarðarvatn fyrir miðju.
MYNDIR/TC

Felufjörður sem kom út úr skápnnum



Tómas Guðbjartsson hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi

Á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar er töluvert nettari Héðinsfjörður. Hann var löngum á meðal einangruðustu fjarða á Íslandi, enda umkringja hann hrikaleg fjöll nema í norður þar sem hann mætir hafi. Þrátt fyrir mikil snjóþyngsli og erfiðar samgöngur bjuggu í byrjun 20. aldar 50 manns á fimm bæjum í Héðinsfirði og var Vík þeirra stærst. Aðeins hálfri öld síðar, eða 1951, fluttu síðustu ábúendurnir þaðan. Eftir standa rústir gömlu bæjanna í firði sem stöðugt laðar til sín fleiri ferðamenn. Skýringin á því eru tvenn göng sem voru opnuð 2010 og tengdu saman Ólafsfjörð og Siglufjörð í gegnum Héðinsfjörð. Þar með komst felufjörðurinn Héðinsfjörður út úr skápnnum og varð skyndilega aðgengilegur bæði göngu- og skíðafólki. Þarna er líka vinsælt berjaland og í 2,5 km löngu og 1 km breiðu Héðinsfjarðarvatni við norður-enda fjarðarins er ágæt silungsveiði.



Ólafur Már Björnsson augnlæknir og ljósmyndari

Fyrir tilkomu ganganna var oft farið sjóleiðina í Héðinsfjörð, enda þótt landing væri þar ekki auðveld. Þegar snjóá leysti opnuðust síðan gönguleiðir yfir til Ólafs- og Siglufjarðar, en þær eru bæði brattar og ná flestar um það bil 600 m hæð. Þessar sömu gönguleiðir má í dag nýta til útivistar en þær henta einnig ágætlega fyrir fjallaskíði. Ofan í firðinum eru ferðaskíði hins vegar ákjósanlegur ferðamáti að vetri til og hægt að ganga hann endilangan á nokkrum klukkustundum. Gönguleiðir vestur í Siglufjörð eru aðallega tvær: annars vegar yfir Hestskarð í Skútudal og hins vegar aðeins lengri leið um Hólsskarð. Til Ólafsfjarðar eru þrjár gönguleiðir oftast gengnar: sú um Möðruvallaskál og Fossabrekkur ofan í Syðriárdal, um Víkurdal yfir Rauðuskörð og niður í Árdal, eða fremst í firðinum yfir Möðruvallaháls og niður í Skeggjabrekkudal. Fjöllin beggja vegna Héðinsfjarðar eru einstaklega tignarleg og með fálæg nöfn eins og Víkurhyrna, Víkurbyrða, Pallahnjúkur, Fyluskálahnjúkur og Hesturinn. Arið 1947 flaug Dakaflugvél Flugfélags Íslands á hliðar síðastnefnda fjallsins í þokuveðri. Tíndu 25 einstaklingar lífi og er þetta eitt stærsta flugslys Íslandssögunnar. Sprækt göngufólk getur gengið úr Héðinsfirði norðaustur í Hvanndali að Hvanndalabjargi. Sú ganga er krefjandi, tekur daginn og er ekki fyrir lofthrædda. Annar valkostur er að ganga eftir Héðinsfirði endilöngum og skoða rústir gömlu bæjanna, en eftir dalbotninum rennur snotur Fjarðará. Hugurinn hvarflar ósjálfrátt að harðri lífsbaráttu fólks sem þarna bjó við hrikalega einangrun, en um leið einstaka náttúruferð. ■



Rústir bæjarins Grundarkots sem var einn fimm bæja í Héðinsfirði. Möðruvallahnjúkur í fjaraska.



Gengið á ferðaskíðum inn Héðinsfjörð á köldum en fálægum vetrardegi.



Snúran

Lager Sala

Síðumúla 33, bakhús

50-80%
afsláttur

aðeins fimmtudag og
föstudag 11. og 12. mars
kl 12-18

Ragnar Kjartansson og Margrét Bjarnadóttir hættu við að sýna balletinn No Tomorrow í Moskvu og sýna hann í staðinn í Listasafni Reykjavíkur á sunnudag. Þau lýsa verkinu sem pólitísku dansverki um ekkert.

Balletinn No Tomorrow eftir Ragnar Kjartansson og Margréti Bjarnadóttur verður fluttur á hátíðinni Gjörningaböku í Listasafni Reykjavíkur á sunnudag. Upphaflega stóð til að sýna verkið í Moskvu í tengslum við sýningu Ragnars, Santa Barbara, í listasafninu GES-2, en Ragnar ákvað að loka sýningunni í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu.

„Þetta er gamli góði ballettinn okkar. Þetta er bara hits only,“ segir Ragnar kíminn eins og hans er von og vísa.

No Tomorrow var upphaflega frumsýnt á sviðslíshátíðinni Fórn í Borgarleikhúsinu árið 2017 í samstarfi við Íslenska dansflokkinn og hefur verkið verið sýnt víða um heim undanfarin ár. Margrét, sem er danshöfundur verksins, segir þau Ragnar hafa aðlagð það porti Hafnarhússins fyrir Gjörningaböku.

„Þetta er eiginlega svona gjörningaútgáfa af verkinu. Sex dansarar í stað átta og svolítið berstripuð útgáfa að því leyti. Það verða engin ljós og engin tækni,“ segir Margrét.

Að sögn Ragnars lá ákvörðunin um að loka sýningunni í Moskvu beint við þegar Rússar réðust inn í Úkraínu þann 24. febrúar síðastliðinn.

„Þetta safn var bara svona eins og partur af þessu gamla Rússlandi sem var til fyrir 24. febrúar. Þarna voru tengsl við vestræna list og menningu og það bara endaði allt 24. febrúar. Þetta var eiginlega engin spurning, við báðum þau bara vinsamlegast um að slaufa öllu saman.“

Ballett um ekkert

Spurð um hvernig það hafi komið til að þau Ragnar ákváðu að sýna No Tomorrow í Listasafni Reykjavíkur í staðinn fyrir í Moskvu eins og til stóð segir Margrét:

„Ég átti að vera með gjörning í portinu. En þegar þessi staða kom upp þá bara lá svona beint við að sýna bara No Tomorrow í staðinn. Dansararnir voru náttúrulega búnir að vera að æfa verkið og við erum að



Ragnar Kjartansson og Margrét Bjarnadóttir segja No Tomorrow vera eitt pólitískasta verk sem þau hafa gert.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

Frá Moskvu í Hafnarhúsið



Þorvaldur S.
Helgason
tsh
@frettabladid.is

sýna það áfram í Þýskalandi í vor og meira í ágúst.“

No Tomorrow er ballett fyrir sex til átta dansara og jafnmarga gítara. Tónlist verksins er eftir bandaríska tónskáldið og rokkarann Bryce Dessner sem er gítarleikari hljómsveitarinnar The National og samstarfsmaður Ragnars Kjartanssonar til langs tíma. Margrét og Ragnar eru sammála um að verkið sé ívið pólitískt jafnvel þótt það fjalli í raun um ekkert.

„Við Margrét og Bryce Dessner

vorum að leika okkur með hugmyndina um nánast ekkert. Þetta verk var gert þegar rússneska dystóþían var svona að komast yfir okkur öll og Donald Trump var orðinn forseti,“ segir Ragnar.

„Við vorum einmitt að semja verkið þegar hann var að sverja embættiseið og það hafði alveg mjög lúmsk, eða ekkert sérstaklega lúmsk, áhrif á vinnuna. Það sem er að gerast núna er eitthvað sem maður hélt þá að væri að fara að gerast eftir viku,“ segir Margrét.

EKKI HÆGT AÐ GERA ÓPÓLÍTISKA LIST

Spurð um hvert hlutverk listarinnar sé á tímum hörmunga og stríðs eins og nú eru runnir upp í Evrópu segir Ragnar:

„Það er náttúrulega bara eins og með allt að samhengi hlutanna breytist þegar heimurinn breytist.

”

Ég held að það sé ekki hægt að gera neina list sem er ekki pólitísk.

Ragnar
Kjartansson

Samhengi allra verka í rauninni, hlutirnir magnast dálítið upp. Þetta er mjög flókið, hvert er hlutverk listarinnar. Því að listin er svo rosalega valdalaus og líka svo valdamikil.“

Þannig að jafnvel verk eins og No Tomorrow, áferðarfagurt og abstrakt verk, það kemst ekkert hjá því að verða pólitískt í ljósi ástandsins í heiminum?

„Nei, og ég held að það sé ekki hægt að gera neina list sem er ekki pólitísk. Það að eitthvað sé ekki pólitískt er pólitískt,“ segir Ragnar og Margrét tekur undir það.

„Frá mínum stað er No Tomorrow held ég bara pólitískasta verk sem ég hef gert,“ segir hún.

Hátíðin Gjörningaböku hefst í Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsi í dag. No Tomorrow er lokaverk hátíðinnar og verður flutt á sunnudaginn klukkan 16. ■

Dauðinn meðal gesta á grímuballi

TÓNLIST

Sinfóniutónleikar

Verk eftir Valentin Silvestrov, Mariu Huld Markan Sigfúsdóttur, John Adams og Daniel Bjarnason
Einleikari: Víkingur Heiðar Ólafsson

Stjórnandi: Daniel Bjarnason
Eldborg í Hörpu
miðvikudaginn 2. mars

Jónas Sen

Hörmungarnar í Úkraínu láta engan með hjarta ósnortinn, og þeirra var minnst á tónleikum Sinfóniuhljómsveitar Íslands á miðvikudagskvöldið. Fluttu var órstutt verk eftir úkraínska tónskáldið Valentin Silvestrov, Sofðu, Jesús. Tónlistin var hugljúf og dapurleg í senn; fullkominn minnisvarði um viðbjóðinn sem nú á sér stað.

Stemningin í byrjun næstu tónsmíðar, Clockworkin eftir Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur, var ekkert ósvipuð. Þar voru líka langir og angurverir, lágstemmdir hljómar. Þeim óx svo smám saman ásmegin. Innblásturinn mun hafa verið vinnusöngvar bandarískra fanga, þrælavinna sem tekur engan enda.

Endaði í alsælu

Tónavefurinn var dáleiðandi, en eftir innhverft upphafið varð hann upphafnari og endaði í alsælu. Tónlistin var í fyrstu tímalaus, enginn taktur, bara liggjandi hljómar. En svo náði fjarlægur dans yfirhöndinni; það var heillandi stund.

Daniel Bjarnason stjórnadi hljómsveitinni og náði að skapa sterka undiröldu sem var afskaplega áhrifarík. Hljómsveitin spilaði líka prýðilega, hver hljóðfærahópur var með sitt á hreinu.

Algert dúndur

Næsta verk á dagskránni var Lollapalooza eftir bandaríska tónskáldið John Adams. Tónlist hans er mínimalísk, byggist á endurtekningu lítilla stefbrota sem mynda stórfenglega heild, rétt eins og dómkirkja sem er hlaðin úr litlum múrsteinum.

Flókinn fjölhrynur var ríkjandi í verkinu, sem var einstaklega fjörukt. Lollapalooza er nýlegt amerískt orð og mun þýða „algert dúndur“. Tónsmíðin var fertugsafmælisgjöf handa hljómsveitarstjóranum Simon Rattle.

Tónlistin var í bandarískum anda, minnti jafnvel dálítið á West



Daniel Bjarnason hljómsveitarstjóri skapaði sterka undiröldu. Víkingur Heiðar Ólafsson lék á pianóið af þrungnum ákafa. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Side Story eftir Leonard Bernstein. Hún reyndi ógurlega mikið á nákvæmni og verður að segjast eins og er að hljómsveitin, undir hnitmiðaðri stjórn Daniels, spilaði hana sérlega vel. Túlkunin einkenndist af gríðarlegri snerpu, hvergi var dauður punktur.

Hryllingur var innblástur

Aðalverkið á tónleikunum var píanókonert nr. 3 eftir hljómsveitarstjóranum, Daniel Bjarnason, sem var frumfluttur nýlega í Bandaríkjunum. Hann ber heitið Feast, Veisla, og var einleikari Víkingur Heiðar Ólafsson.

Kveikjan að konsertinum er hrollvekjandi smásaga eftir Edgar Allan Poe, Grímuball rauða dauðans. Hún fjallar um banvæna plágu og grímudansleik þar sem dauðinn sjálfur er meðal gesta.

Tónlistin byrjaði á liflegum takti með alls konar kræsilegum tónahlaupum upp og niður hljómborðið. Síðan tók við ihugull kafli, drungalegur og ógnvekjandi sem óx í kröftugan hápunkt. Þannig skiptust á skin og skúrir. Tónlistin var viðburðarík, atburðarásin var spennandi og kom stöðugt á óvart; maður vissi aldrei hvað kæmi næst.

Einkennandi fyrir allan konsertinn var glæsileg raddsetning fyrir hljómsveitina, ólíkar raddir mynduðu litríkt mynstur, stórbrotið og lokkandi. Píanóróddin var einnig mögnuð, full af andstæðum. Flutningur Víkings Heiðars var vandaður og vel igrundaður, grípandi og þrunginn ákafa.

Hljómsveitin spilaði líka eins og einn maður, hrynjandinn markviss og samspilið við einleikarann var eins og best verður á kosíð. Þetta var flott. ■

NIDURSTAÐA: Frábærir tónleikar með dásamlegri tónlist.



Steinunn Sigurðardóttir lýsir Systu megin sem aðgengilegri bók sem sé engu að síður óvenjuleg að forminu til. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Málþing um Systu megin í húsi Vigdísar

tsh@frettabladid.is

Málþing um leiksögu Steinunnar Sigurðardóttur, Systu megin, verður haldið í Veröld, húsi Vigdísar, í dag klukkan 17. Ýmis skáld og bókmenntafræðingar munu koma fram á málþinginu og ræða leiksöguna sem kom út síðasta haust.

Málþingið hefst á upphitun frá rithöfundinum Guðmundi Andra Thorssyni, doktor Guðrún Steinþórsdóttir bókmenntafræðingur flytur svo erindið Taklaus og truntuleg mammfreskja, Lára Björnsdóttir, fyrrverandi félagsmálástjóri Reykjavíkurborgar, tekur við með erindinu Systa, ein af sterku konunum hennar Steinunnar, þar á eftir flytur Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur erindið Systa í samstadarígildinu og að lokum mun Steinunn Sigurðardóttir, höfundur Systu, flytja erindið Er Systa til?

Systu megin er hárbeitt og óvenjuleg saga um utangarðsfólk sem fær hér bæði rödd og ásýnd. Söguhetjan Systa býr ein í kjallarakompu við bágar aðstæður en hún ræður sér sjálf. Hún hefur losað sig að mestu undan ægivaldi mömmu eins og Brósi, bróðir hennar og bandamaður í tilverunni.

Saman hafa þau tekist á við harðan heim frá barnæsku en valið hvort



Systu megin er hárbeitt og óvenjuleg saga um utangarðsfólk sem fær hér bæði rödd og ásýnd.

sína leið, Brósi innan samfélagsins, Systa utan þess. Dagsdaglega dregur Systa fram lífið með dósasöfnun en þegar henni býðst aukid öryggi í skiptum fyrir frelsi er úr vöndu að ráða.

Steinunn Sigurðardóttir lýsti bókinni svo í viðtali við Fréttablaðið síðasta haust:

„Þetta er bók sem er aðgengileg en óvenjuleg í forminu og fjallar um manneskju sem hefði ekki getað sagt sögu sína sjálf. Systa er aðalpersónan og sú sem langmestu máli skiptir. Ég vildi búa til manneskju sem býr við ótrúlega kröpp kjör en heldur rein sinni og er karakter til orðs og æðis.“

Málþingið er haldið af Vigdísarstofnun og Forlaginu, dagskráin stendur til klukkan 18 og boðið verður upp á léttar veitingar að henni lokinni. ■



Jóhann Ingi, Harpa, Guðmundur Atli og Sigmar Pór skipa Brek. MYND/AÐSEND

Hljómsveitin Brek á hádegistónleikum

tsh@frettabladid.is

Hljómsveitin Brek kemur fram á hádegistónleikum í Fríkirkjunni í dag. Yfirskrift tónleikanna er Bræðingur stíla með þjóðlaga undirtón og mun hljómsveitin leika frum-samið efni af nýttkominni plötu sinni.

Brek skipa þau Harpa Þorvaldsdóttir, sem syngur og leikur á píanó, Jóhann Ingi Benediktsson, sem syngur og leikur á gítar, Guðmundur Atli Pétursson, sem leikur á mandólín og syngur bakraddir og Sigmar Pór Matthíasson sem leikur



Yfirskrift tónleikanna er Bræðingur stíla með þjóðlaga undirtón.

á kontrabassa og syngur bakraddir. Tónleikarnir eru hluti af tónleikaröðinni Á ljúfum nótum í Fríkirkjunni. Hefjast þeir klukkan 12 og taka um hálf klukkustund.

Aðgangseyrir er 2.000 krónur og ekki er tekið við greiðslukortum. ■

VINNINGASKRÁ

3. flokkur 2022
Útdráttur 8. mars 2022

HAPPDRETTI



Happdrætti SIBS er hornsteinn framkvæmda á Reykjalundi

Table with columns for prize categories (AÐALVINNINGUR, PENINGAVINNINGAR, VÖRUÚTTEKT) and corresponding numbers.

Tryggðu þér miða á sibs.is eða í síma 560 4800

Afgreiðsla vinninga hefst þann 21. mars 2022
Birt á ábyrgðar um prentvillur

Allra best



Bió
Belfast

Ferill leikarans og leikstjórans Kenneths Branagh hefur verið brokkgengur þótt hápunktarnir hjá honum séu allnokkrir og óumdeilt góðir. Hann virðist heldur betur hafa fundið taktinn á ný með afturhvarfi til æskulóðanna á Írlandi í Belfast, sem enn er hægt að sjá í Bió Paradís. Branagh byggir myndina að hluta á eigin lífi og teflir fram einvalaliði leikara í frásögn af ungum dreng og verkamannafjölskyldu hans í hamagangi sjöunda áratugarins í Belfast. Afraksturinn er sjö tilnefningar til Óskarsverðlauna og sex til BAFTA í óumdeilt hans bestu mynd um langt árabli.

Bók
Kalmann



Það er eitthvað ómótstæðilegt og heillandi við hugmynd um sjálfskipaðan lögreglustjóra á Raufarhöfn sem verkar næstbesta hákarl á landinu og spókar sig með

kúrekahatt og Mauser-skammbyssu sem amerískur afi hans komst yfir í Kóreustríðinu. Þannig er hann einmitt, Kalmann Óðinson, aðalpersónan í bók svissneska rithöfundarins Joachim B. Schmidt. Hann hefur búið á Íslandi um árabil og starfar sem leiðsögumaður og blaðamaður. Kalmann komst frá Raufarhöfn alla leið á metsölulista Der Spiegel eftir að bókinn kom út í heimalandi höfundarins 2020. ■



Stína Ágústsdóttir tekst á við erfiða reynslu á nýjstu plötunni sinni.

MYND/ADSEND

Eina leiðin áfram með virðingu og ást

Drown to die a little, er titill nýjstu plötu djasssöngkonunnar Stínu Ágústsdóttur. Á plötunni er hún í uppgjöri við sál og líkama eftir erfiðu veikindi árið 2016. „Ég þurfti hálfpartinn að læra að drukna til að læra að njóta lífsins,“ segir Stína sem er búsett í Stokkhólmi og fagnar útgáfunni með tónleikum í Hörpu 27. mars.

ninarichter@frettabladid.is

„Ég byrjaði eiginlega á því að vera ballerína og svo ákvað ég að vera verkfræðingur og svo fór ég í Söngskólann,“ segir djasssöngkonan Stína Ágústsdóttir, aðspurð hvernig tónlistarferillinn hafi farið af stað. „Ég skuldaði sjálfri mér að fara loksins að læra að syngja, ég hafði gert svo mikið til að gera alla aðra stolta. Þú veist. Var dugleg í skólanum og svona.“

Stína segir að eftir að hún sneri sér að söngnum hafi ekki verið aftur snúið. „Ég reyndi að vinna sem verkfræðingur í eitt og hálf tón og fór meira að segja til London



Ég skuldaði sjálfri mér að fara loksins að læra að syngja.

með fyrirtæki. Það gekk ekkert, ég vildi bara syngja og helst dansa líka en það varð bara söngur í staðinn,“ segir hún.

Stína flutti til Montreal í framhaldinu og skræði sig síðan í háskólann í djasstónlist árið 2004. „Þá var ég búin að búa í Montreal í nokkur ár. Svo eignaðist ég barn í Montreal og ákvað í framhaldinu að flytja til Svíþjóðar. Það er þægilegra að vera með börn í Svíþjóð,“ útskýrir hún.

Stefnir á tilkomumikla tónleika
Platan Drown to die a little er fjórða sólóplata Stínu. Platan var hljóðrituð í hljóðverinu Sundlauginni í júlí í fyrra. Á plötunni leikur Henrik Linder á bassa, Mikael Máni Ásmundsson á gítar, Magnús Jóhann Ragnarsson leikur á píanó

og Magnús Trygvason Eliassen á trommur. Hljómsveitin fylgir Stínu á tónleikum í Hörpu 27. mars, en platan kemur út tveimur dögum áður.

„Það verða mjög flottir tónleikar. Það verður hljómsveitin sem er á plötunni og tvær konur sem spila á strengjahljóðfæri og svo vonandi dansari líka, þannig að ég er að tvínnu allt inn í þetta. Ég get reynt að koma verkfræðinni inn í þetta líka,“ segir Stína og skellihlær.

Nýtur lífsins eftir veikindi

Stína segir efni plötunnar tengjast erfiðu tímabili. „Ég varð rosalega veik 2016. Ég er með gigtarsjúkdóm sem er ekki með neitt nafn en er rosa aggressifur,“ segir hún. „Ég varð það veik að ég gat ekkert gert í svölitið langan tíma og varð bara að liggja og kveljast.“

Nafn plötunnar er Drown to die a little. „Sem þýðir fyrir mig að ég þurfti hálfpartinn að drukna til að læra að njóta lífsins. Eftir að verða svona svakalega veik þá lærði ég að gefa skít í fleiri hluti og njóta mín meira þegar ég er hress,“ segir hún. „Þannig að lögin á plötunni eru



Plötuumslag Drown to die a little með Stínu Ágústsdóttur.

svona mismunandi hliðar á sjálfinu, tengslum við annað fólk og svoleiðis.“ Hún segir að lagið Body sé til dæmis afsökunarbeiðni til hennar sjálftrar, „fyrir að hafa verið svona dómhörð við líkamann á mér í gegnum árin. Ég var ballerína og allt það. Það er svakalega mikið sjálfshatur sem tengist því,“ útskýrir hún.

„Svo eftir að vera svona veik þá getur maður einhvern veginn ekkert verið vondur við kroppinn sinn. Eina leiðin áfram er með virðingu og ást.“ ■

Slegið undir nára hjá skáldinu

toti@frettabladid.is

„Þetta er svona samsafn af ljóðum sem urðu mikið til á árunum 2012 og 2019. Eitthvað svoleiðis,“ segir Valdimar Tómasson, Ljóða-Valdi, um sína sjöttu ljóðabók, Blástjörnu efans, sem dreift var í verslanir í gær.

„Efinn er er náttúrlega bara það sem við búum alltaf við,“ segir skáldið og bendir á stríðið í Úkraínu sem nærtækt dæmi og ljóðið Heimur í nýju bókinni.

„Það er eiginlega eins og þetta ljóð sé ort um stríðið þótt það hafi orðið til löngu áður en það braust út,“ segir Valdi og lætur fljóta með að elstu ljóðin í bókinni hafi orðið til í Frakklandi 2012.

„JPV Forlag gefur Blástjörnu efans út. Hún var í raun og veru langt komin í vinnslu fyrir einu og hálfu ári eða svo en þá kom pestarbæklingurinn,“ segir Valdi um kvæðabálkinn Veirufanga þar sem hann orti um faraldurinn og



Efinn liggur sem mara á flestum en veitir þó skáldinu innblástur.

MYND/ÓMAR SVERRISSON

kom út í mars 2020. „En svo lagði ég handritið inn hjá JPV Forlagi fyrir áramót og nú er slegið undir nára.“

Valdimar er venjulega frekur til fjörsins á sölulistum ljóðabóka og fjölmargir addáendur hans hafa á Facebook-vegg hans lýst mikilli ánægju með útkomu Blástjörnu efans.

„Ég skal nú ekkert segja um það,“ segir skáldið sem stundum er kallað Metsölu-Valdi og er hógværdin upp-

máluð og gefur lítið fyrir spurningar um hvort hann stefni ótrauður á topp ljóðabóksölulistans.

Egill Örn Jóhannsson, útgefandi Valdimars hjá Forlaginu, er hins vegar vanur að veðja á réttan hest og hafði þetta að segja um sinn mann þegar ljóðabókin Vetralandið kom út 2018: „Hann er oft kallaður Metsölu-Valdi á skrifstofunni, enda afar sjaldgæft að ljóðabækur seljist jafn mikið og bækur Valdimars.“ ■

Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna

Umsóknarfrestur 7. apríl

Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna auglýsir eftir umsóknum um starfslaun úr sjóðnum.

Umsóknarfrestur rennur út 7. apríl 2022 kl. 15:00

Umsækjendur skulu kynna sér vel reglur sjóðsins fyrir styrkarið 2022 áður en umsókn er gerð.

Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum umsóknarkerfi Rannís.

Nánari upplýsingar og aðgangur að rafrænu umsóknarkerfi á www.rannis.is.



rannís
www.rannis.is

PHOTOKÓGUR/getisak/hennum



*Fermingarveislutilboðin
eru komin á vefsíðu okkar
www.hveitingar.is*



VEITINGAR

Veislubjónusta án hliðstæðu!

Til móts við gullskipið með Jóni Ársæli

Fjögurra ára vinna samstarfsfélaganna Jóns Ársæls Þórðarsonar og Steingríms Jóns Þórðarsonar um leitina að hinu eina og sanna gullskipi, Het Wapen van Amsterdam, er á enda – og frumsýning er fram undan á kjörtíma í Ríkissjónvarpinu á sunnudagskvöld.

ser@frettabladid.is

Tvíeykið Jón Ársæll og Steingrímur Jón hafa um árabíl unnið að heimildarmyndinni Leitin að Gullskipinu og afraksturinn verður frumsýndur á RÚV á sunnudagskvöld. Og fráleitt er þetta fyrsta sjónvarpsverkefni þeirra hálfafna, en landskunnir eru þeir fyrir margrömaða þáttaröð að nafni Sjálfstætt fólk sem skreytti dagskrá Stöðvar 2 um langa hríð, en þættirnir urðu tæplega fimm hundruð – og telst það talsvert.

En hvernig kom heimildarmyndagerðin til sögunnar?

„Við Steini heyrðum af því að Gísli Gíslason, stundum nefndur geimfarinn, væri að undirbúa leit að hollenska gullskipinu Het Wapen van Amsterdam sem fórst við Íslandsstrendur árið 1667 og vakti þjóðarathygli á þeim tímum, en enda þótt margt hafi bjargast úr skipinu á sínum tíma, hvarf mest af gersemum þess undir sand á undraskjótum tíma, sakir þess að brimið hlífir engu við ströndina, hvorki flaggskipum hollenska flotans né öðrum fleyjum,“ segir Jón Ársæll.

Þeir Steingrímur fylgdust því með eftirgrensulan Gísla og leit hans að knerrinum mikla á Skeiðarársandi og úr varð heimildarmynd sem geymir ríkulega sögu.

„Ég vissi auðvitað af fyrri leiðöngurum Íslendinga í sömu erindagjörðum, einkum Kristins í Björgun og Bergs á Klaustri á seinni hluta síðustu aldar, en þrátt fyrir ítarlega leit að gullskipinu höfðu þeir að lokum ekkert annað upp úr krafsinu en ryðgað flak af þýskum togara sem hafði strandað á sandinum í upphafi síðustu aldar,“ segir Jón Ársæll.



Jón Ársæll er klár með heimildarmyndina Leitin að gullskipinu eftir fjögurra ára vinnu.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Larki. MYNDIR/ÚR ÓBIRTRI KVIKMYND ÞÓRARINS GUÐNASONAR



Kristinn í Björgun leitaði skipsins á sínum tíma.



Gullskipið Het Wapen van Amsterdam í toppstandi.

Skeiðarársandur er frægur skipakirkjugarður af ástæðum sem rekja má til þess að þar er aðgrunnt langt í sjó fram og skipstjórnarmenn hafa því feilað á því öldum saman að sigla ekki nógu utarlega þegar þeir fara fram hjá suðausturodda landsins.

„Þetta er raunar stærsti jökulsandur á jörðinni, takk fyrir,“ bendir



Þetta er raunar stærsti jökulsandur á jörðinni, takk fyrir, um eitt prósent af flatarmáli Íslands.

Jón Ársæll á, „um eitt prósent af flatarmáli Íslands,“ bætir hann við – og minnir jafnframt á umgjörðina, „en að baki er hátindur stærsta jökuls Evrópu og vestur af honum er mesta hraun sem runnið hefur á sögulegum tíma, kennt við Skaftár-elda, svo þetta er nú eitthvað,“ segir sjónvarpsmaðurinn.

En hvað kom honum mest á óvart við heimildarmyndagerðina?

„Hvað þetta er stór saga á allan máta,“ segir hann og sýpur hveljur, „það rúmast allt í henni, svo að segja,“ og hann veður á súðum: „Þetta flaggskip hollenska heimsveldisins á sautjándu öld, Het Wapen van Amsterdam, var að koma frá Jövu í Indónesíu – og það má heita að það hafi verið drekkhlaðið af gulli og gersemum, svo sem hrádemöntum, silki og öðrum dýrmætum álnavörum og eftirsóttasta kryddi sem menn þekktu á þeirri tíð, en svo má bæta því við að ballestin var öll úr kopar – og fallbyssurnar, maður lifandi, sjötíu að tölu, ekki gerðar úr einhverjum hratmálmi.“

Allnokkra muni úr gullskipinu má skoða á Byggðasafninu á Skógum og á Þjóðminjasafni Íslands, svo sem ferðakistulok, snoturlega útskorin og skreytt, en saga skipsins lifir líka í fólkinu, segir Jón Ársæll og bendir að lokum á að skipverji á fleyinu hafi barnað kvensnipt nokkra í Óræfum, svo sem annálar orði það, og af þeim skötuþjúm sé kominn mikill leggur. „Skipið lifir því með okkur,“ segir Jón Ársæll Þórðarson. ■

HANNES STEINDÓRSSON

4. SÆTI Í KÓPAVOGI

Kæru Kópavogsbúar, ég sækist eftir fjórða sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi þann 12. mars.

Ég óska eftir þínum stuðningi á kjördag.

Það er gott að búa í Kópavogi eins og frægt er orðið, gerum enn betur svo það verði best að búa í Kópavogi.

DUGNAÐUR OG KRAFTUR



Greg Sestero frumsýnir á Skaganum

ninarichter@frettabladid.is

„Greg Sestero er kominn á Akranes. Hann er að leggja sig heima hjá mér núna,“ segir Lovísa Lára Halldórsdóttir kvikmyndagerðarkona. Frostbiter hryllingsmynda-hátíðin er haldin á Akranesi um helgina. Þetta er í sjötta skiptið sem hátíðin er haldin.

„Við erum hjón sem erum að halda utan um þetta allt saman, nánast bara tvö með aðstoð frá vinum sem eru að vinna með okkur í þessu,“ segir Lovísa Lára sem stendur að hátíðinni ásamt eiginmanni sínum Ársæli Rafni Erlingssyni.

Á fjórða tug stuttmynda verða í boði á hátíðinni og að sögn Lovísu eru þær ættaðar alls staðar að úr heiminum auk íslenskra mynda. „Svo erum við að Evrópufrumsýna Miracle Valley eftir Greg Sestero. Þetta er í fyrsta sinn sem hann leikstýrir, en hann er þekktastur sem leikari úr The Room.“

The Room í leikstjórn Tommy Wiseau kom út árið 2003 og hefur á síðustu árum öðlast sess sem ein frægasta költ-mynd heims. Er gjarnan vísað til hennar sem verstu bíómyndar allra tíma. Árið 2013 sendi Greg Sestero frá sér bókina The Disaster Artist, í félagi við Tom Bissell. Samnefnd kvikmynd byggð á bókinni kom út árið 2017 með bandarísku stórleikurunum James og Dave Franco í aðalhlutverkum.



Lovísa Lára Halldórsdóttir kvikmyndagerðarkona er einn skipuleggjenda Frostbiter hryllingsmynda-hátíðarinnar.

MYND/ADSEND

„Greg er frábær gestur og ótrúlega skemmtileg týpa og finnst voða gaman að kíkja á Akranes. Hann hefur ferðast á Íslandi og verið svolitíð í Reykjavík,“ segir Lovísa Lára. „Hann var að nefna það einmitt að honum finnst Akranes vera eins og hann ímyndað sér að Reykjavík myndi vera þegar hann kom hérna fyrst. Að hann myndi sjá meira í fjöllin og sjóinn,“ segir hún.

„Hann hafði bara samband og var þá ekki alveg búinn með myndina en búinn að taka hana upp. Sagði að hann væri með þessa mynd sem hann hafði svo mikinn áhuga á að sýna hérna á Íslandi. Hann elskar að koma hingað. Við fengum að horfa á eitthvað klipp hjá honum af mynd-



inni, okkur fannst hún æðisleg og langaði að sýna hana. Við slógum til og buðum honum að vera með og hann var mjög til í það.“

Dagskráin hefst á föstudeginum með frumsýningarhófi sem hefst klukkan sex. Í kjölfarið verður kvikmynd Sesteros frumsýnd. „Á laugardegnum er síðan pökkuð dagskrá með öllum stuttmyndunum. Eftir hátíðina erum við svo með kjötsúpupartí þar sem við veljum bestu myndina. Svo endum við á að sýna gamla hrollvekjju í lokin, það verður smá svona partísyning,“ segir Lovísa Lára. „Í ár er alveg frítt á hátíðina þannig að fólk á bara að mæta og njóta.“ ■

Upp með sokkana!

Árlega missum við 320 pabba, afa, bræður, syni og vini úr krabbameinum. Sýndu lit, þekktu einkennin og kaupu sokka til styrktar Krabbameinsfélaginu.



S30

STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
30 ÁRA

JAMES OLSEN

GULLÖLD
SVEIFLUNNAR

1. APRÍL, ELDBORG



KRISTJANA STEFÁNS

Árvisir og sívinsælir sveiflutónleikar stórsveitarinnar eru sem fyrr helgaðir tímabilinu 1930–50, þegar stórsveitir réðu ríkjum á jörðinni og stjórnendur, söngvarar og einleikarar voru poppstjörnur síns tíma. Gestasöngvar eru **Kristjana Stefánsdóttir** og **James Olsen** frá Færeyjum.

Stjórnandi & kynni: Sigurður Flosason

MIÐASALA Á HARPA.IS OG TIX.IS



Rammstucklein lofar sjónrænu og pönkuðu hlaðborði á föstudagskvöldinu.

MYND/RAKEL EVA GUÐSTEINS

Brjóstadúskarnir sveiflast á ný þegar Gaukurinn galar

Burleskhópurinn Túttí-frúttarnar ætlar að sletta ærlega úr klaufunum næstu tvö kvöld á Gauknum sem mun ef að líkum lætur fljúga hátt, vængjum þöndum, því hópurinn er farið að klæja verulega eftir að komast á svið.

margret@frettabladid.is

„Þetta verða gleðilæti, myndni og fjör, fjádrir, palliættur, netsokkar og auðvitað brjóstadúskar,“ segir Silver Foxy, sem er stolt elsta burleskdansmærlandsins og er í forsvari fyrir burleskhópinn Túttífrúttarnar, um stuðið sem fram undan er hjá Túttífrúttunum í kvöld og dragkabarettinum ApocalypsticK annað kvöld á Gauknum við Tryggvagötu.

„Við vorum með svona net-sýningar á faraldurstímanum sem gengu gríðarlega vel enda hægt að selja miða út um allan heim. Það var skemmtilegt og lærdómsríkt en kemur aldrei í staðinn fyrir sýningar í raunheimum,“ heldur Silver Foxy áfram.

Gaukurinn galar

„Formið er svo gagnvirkt, við spilum svo á viðbrögð áhorfenda. Aðá-unarhróp, blístur, hlátrasköll og klapp eru ekki bara leyfileg meðan á sýningu stendur heldur nauðsynleg fyrir þann sem er á sviði. Sýnandinn keyrir atriðið áfram á þeirri orku.“

Gaukurinn hefur fest sig í sessi sem heimili jaðarsviðslista og á föstudaginn er það dragið sem ræður ríkjum með pönkaða dragkabarettinum ApocalypsticK. „Þetta verður algjört hlaðborð. Frá dragdrottningum og -kóngum yfir



Silver Foxy segir ekkert koma í staðinn fyrir sýningar í raunheimum þótt sófinn hafi virkað vel í faraldrinum.

MYND/ELÍN BJÖRG GUÐMUNDSDÓTTIR

í hreinræktaðan kabarett og sverðgleypa. Þetta verður sjónrænt og pönkað karnival,“ segir Rammstucklein sem er ein þeirra sem standa að sýningunni.

„Reykviðsk drag og sérstaklega það sem við sýnum í ApocalypsticK er mjög tilraunakennt og hrátt. Við sveiflumst alveg frá þessum klassísku fegurðardrottningum yfir í dragútgáfur af þjóðsagnaskrímslum. Í gegnum sköpunarferlið



Dragið og burleskið eru mjög umburðarlyndar senur þar sem allir vilja bara auka veg jaðarlista.

Silver Foxy

hvetjum við okkar fólk til að leika sér að því hvernig þau vilja sýna sig og hvaða hughrif þau vilja vekja.

Drag er ekki bara glamúr

Við erum ekki bara með þetta glamúr-drag sem við þekkjum úr til dæmis RuPaul's Drag Race, heldur allan þann boga sem dragið býður upp á. Við erum svo ólík í hópnum og sækjum innblástur úr tónlist, sjónvarpi, poppkúltúr og hvert frá öðru. Við erum líka dugleg að henda hugmyndum á milli, og fáum gjarnan innblástur fyrir hönd hvert annars. „Þetta lag er alveg ekta þú!“ heyrir gjarnan.“

Silver Foxy grípur orðið og bætir við: „Dragið og burleskið eru mjög umburðarlyndar senur þar sem allir vilja bara auka veg jaðarlista. Mikil virðing er borin fyrir því að fólk er alls konar og gifurleg líkamsvirðing-arhvatning felst í báðum formum skemmtunar: Öll eru falleg, öll eru kynþokkafull, öll eru myndin,“ bætir Silver Foxy við. Miðasala er við hurð á báðar sýningar. ■

Hagmælti þroskaþjálfinn á bók

ser@frettabladid.is

Það er ekki á hverjum degi sem ung kona á fertugsaldri sendir frá sér kvæðabók þar sem stuðlar og höfuðstafir eru í fyrirrúmi, ásamt auðvitað endaríminu – og hefur þar að auki verið hluti af hagrýðingarsamfélaginu um árabíl.

En þetta á svo sannarlega við um akureyrsku þroskaþjálfann Embla Rún Hakadóttur sem sendir nú frá sér snoturt kver með hefðbundnum kvæðskap sínum, en skruddan sú arna ber heitið Ég er nú bara kona.

„Ég er alin upp við hefðbundinn kvæðskap, ekki samt svo að ég sé komin af höfuðskáldum landsins,

en báðir foreldrar mínir og afar og ömmur í báðar ættur voru hagmælt,“ segir Embla Rún.

Ög æskan að þessu leyti hefur mótað hana. „Ég þæli óskaplega mikið í orðum, textum og prósum alls konar – og fyrir mér er þetta hugarleikfimi á borð við krossgátur.“

Hún kveðst elska hrynjandina í hefðbundnum kvæðskap. „Hún gerir það að verkum að það er svo auðvelt að læra kvæðin utan að, þau festast fyrir vikið í minni manns,“ en hún kveðst þó ekki síður vera hrifin af óbundnum ljóðum, raunar elski hún bara orð.

Í bókinni er Embla Rún meðal



Embla Rún Hakadóttir

annars að yrkja um hlutskipti ungra kvenna, svo sem daglegt amstur á borð við heimilisverkin, en svo er ástin auðvitað ekki langt undan:

Ástarleit er ördugt starf þótt oft það bæti þroska. Til að krækja í kóngsson þarf að kyssa marga froska. ■



Gleðilega páska



Sjálfbærni og samfélagsábyrgð
Nóa Sírius súkkulaði er hluti af Cocoa Horizons verkefninu, sem gerir kakóræktendum kleift að framleiða kakó á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Verkefnið stuðlar að betri lífsskilyrðum í kakóræktarsamfélögum og bættum aðbúnaði starfsfólks.

Nú mega páskaeggirnir koma

Nóa páskaeggirnir eru tilbúin. Við vonduðum okkur alveg sérstaklega, því við vitum að þið viljið hafa þau fullkomin. Það á bæði við um gömsæta skelina sem bráðnar í munni og allt góðgætið sem leynist þar fyrir innan.

Gjörið þið svo vel – það er nóg til fyrir alla.



Bakþankar



Stefán Ingvars
 Vígfússonar

Vorið

Vorinu er sama um afdrif manna, það kemur sama hvað. Sólin hækkar á himninum sama hvað og dagurinn lengist þó við höfum engan áhuga á því að vaka. Vorið lætur sér fátt um myrkraverk mannsins finnast og boðar fuglasöng og viðkvæm lauf á vedurbörðum greinum og ofurlitla von í þreyttum hjörtum.

Við ráðum ekki við það, þegar við finnum aftur lykt af einhverju öðru en útblæstri, þegar við göngum heim úr matarboði og það er enn bjart, þegar við vöknum á undan vekjarklukkunni af því að herbergið er baðað sólarljósi. Við ráðum ekki við það. Við gleðjumst þrátt fyrir allt. Vorinu er sama um afdrif manna og það er ósanngjarnt, það er ósanngjarnt að gleðjast svona út í bláinn þegar heimurinn er að hrynja. Við eigum ekki að gleðjast þegar litlir kallar um allan heim ráðast á saklaust fólk, í Palestínu, í Jemen, í Úkraínu. Við ráðum ekki við það. Vorinu er sama um réttisýni okkar og siðferði, vorinu er sama um stóru myndina, það kemur sama hvað.

Og við verðum að bregðast við. „Já, þetta er auðvitað alveg hræðilegt,“ segjum við á Klambratúni: „Þú átt að gera,“ og höldum áfram í Kubbi. „Ég skil bara ekki þessa illsku. Ég þarf að skjótast út á bensínstöð, gasið á grillinu er búið.“ „Og síðan gerir enginn neitt, við leyfum þessu bara að viðgangast. Annars vorum við að kaupa okkur flug til Tene í júní, við verðum bara að stimpla okkur út.“

Við getum ekkert annað, vorið kemur sama hvað. ■

PARTYBÚÐIN

**Fermingar-
 skraut**

Faxafeni 11,
 108 Reykjavík
www.partybudin.is

PARTYBÚÐIN

Skjánægja hjá Nova!

STARSTI
 SKEMMTI
 STAÐUR
 Í HEIM!

Það eru alltaf græjur fyrir alla hjá Nova. Hvort sem þig vantar pínulítinn skjá á úlnliðinn, skjá í vasann eða rosalega stóran skjá á vegginn þá eigum við græjur í það! Mundu samt að líta stundum upp úr skjánum og slaka á. Njóttu lífsins, fyrir þig!



Apple
iPhone 13 Pro
128GB
 199.990 kr.



Samsung
Galaxy S21
128GB
 119.990 kr.



Samsung
Galaxy A02s
32GB
 24.990 kr.



10.000
 króna
 afsl.
 Samsung
Galaxy
Watch 4 40mm
 42.990 kr.
 -52.990 kr.
eSIM



Úrlausn
 fylgir!
 Apple
Watch SE LTE
40mm
 66.990 kr.
eSIM



Apple
Apple TV
4K 2021 32GB
 33.990 kr.

Bíóklipp

NOVA

5 klipp á 4.690 kr.

Nældu þér í Bíóklipp í Nova appinu og fáðu bíóferðina alltaf á lang besta dælnum! Þú hefur klippið alltaf við höndina í Vasanum. Skemmtu þér, fyrir þig!

Sæktu
 Nova
 Appið!
 FYRIR
 ÞIG

Smárabíó, Háskólabíó og Borgarbíó Akureyri